

Sigurður Líndal
HIÐ ÍSLENZKA
BÓKMENNTAFÉLAG
SÖGUÁGRIP

Reykjavík
1969

Sérprentun úr Lesbók
Morgunblaðsins 27.–29. tbl. 45. árgangs, 1969.

EFNISYFIRLIT

Inngangur	bls. 5–	
Straumar í andlegu lífi á Íslandi síðari hluta 18. og í upphafi 19. aldar	– 6–9	
Samtök um bókaútgáfu fyrir stofnun Bókmenntafélagsins		– 9–13
Stofnun Hins íslenska bókmenntafélags og aðdragandi hennar		– 13–20
Útgáfustarf félagsins		
Tímabilið 1816–1851		– 20–24
Tímabilið 1851–1879		– 24–30
Tímabilið 1879–1911		– 30–35
Tímabilið 1911–1969		– 35–37
Aðrar athafnir félagsins		
Mæling Íslands		– 38
Lýsing Íslands		– 38–40
Landsbókasafn Íslands		– 40–42
Handritasafn Hins íslenska bókmenntafélags		– 42–43
Sögulegt hlutverk félagsins, markmið og framtíðarhorfur		– 43–54
Heimildaskrá		– 54–55
Útdráttur á ensku (The Icelandic Literary Society, English Summary)		– 56–63
Um myndirnar		– 64

HIÐ íslenska bókmenntafélag er stofnað árið 1816. Deila má um, hvort það hafi verið 30. marz eða 15. ágúst, en það mun koma nánar í ljós hér á eftir, er stofnunarsaga þess verður rakin. Um hana er annars mikinn fróðleik að finna í 50 ára afmælisriti félagsins, sem Jón Sigurðsson tók saman og út kom árið 1867.

Stofnun Bókmenntafélagsins hefur jafnan verið talinn merkisviðburður í sögu Ís-lendinga á 19. öld. „Stofnun þess er ... einn hinn mesti atburður í sögu íslenskra mennta, því að hún táknar gagnger umskipti í viðhorfi manna gagnvart íslenskri tungu og bók-menntum síðari alda“, segir Þorkell Jóhannesson í Sögu Íslendinga (VII, bls. 431–432), og áþekkt ummæli getur víðar að finna.

Enda þótt félagið væri framan af fátækt og vanmegna óx það furðu ört, þannig að alla 19. öld virðist naumast annar aðili hafa verið umsvifameiri í bókaútgáfu. Auk þess lét Bókmenntafélagið ýmis önnur mál-fni til sín taka, sem nánar verður frá greint hér á eftir. Má því hiklaust telja það eina helztu menningar-stofnun Íslendinga alla 19. öld.



Þetta öndvegi skipar félagið ekki lengur. Liggja til þess ýmsar ástæður, sem síðar verður nánar vikið að. Ekki verður heldur sagt, að starfsemi þess sé mjög á almanna vit-orði eða hafi verið hin síðari ár. Raunar má segja, að ráðamenn þess hafi aldrei lagt mikið kapp á auglýsingastarfsemi og jafnan kosið að vinna verk sín í kyrrþey. Varla verða slíkir starfshættir ógeðfelldir kallaðir, en þó hafa þeir verið miður æskilegir að því leyti, að al-menningi hefur orðið ókunnara um félagið en skyldi. Hefur afleiðingin þá orðið sú, að síður hefur náðst til þeirra, sem áhuga kynnu að hafa á starfseminni og fúsir væru að leggja henni lið. Einhver kynningar- og auglýsingastarfsemi er því óhjákvæmileg, enda þótt sjálfsagt sé að gæta alls hófs.

Í þessum tilgangi hefur greinargerð sú, sem hér fylgir, verið tekin saman. Er ætl-unin að skýra frá upphafi félagsins, starfsemi þess síðastliðna eina og hálfu öld, stefnu þess og framtíðaráformum.

E NDA þótt Bókmenntafélagið sé stofnað í upphafi nítjándu aldar, liggja rætur þess í þeirri átjándu.

Sú öld, einkum síðari hluti hennar, var eins og kunnugt er mikill umbrotatími í stjórnámálum og menningarlífi Evrópu, en ekki er ástæða til að rekja þá sögu í smáatrið-um. Í stuttu máli má segja, að þá hafi endanlega fest sig í sessi a.m.k. meðal lærðra manna, það lífsviðhorf, að fyrirbæri mannlífs og náttúru skyldu skýrð með rannsókn og tilraun, enda mætti með slíkri aðferð komast fyrir orsakir allra hluta. Fjölmargt, sem áður hafði verið rakið beint til guðlegra máttarvalda, var nú skýrt með rökum skynsemi, en eldri skýringum hafnað, þótt margar hverjar væru studdar helgum ritningum, sem um langan aldur höfðu verið taldar óhagganlegar. Þrátt fyrir það að segja megi, að skynsem-istrúin hafi gengið út í öfgar, höfðu þessi lífsviðhorf þó varanleg áhrif, og frá grundvallar-atriðum þeirra hefur aldrei síðan verið horfið.

Afsprengi þessara lífsskoðana var m.a. á sviði trúarbragða skynsemistrú, sem svo hefur verið kölluð, og í stjórnámálum athafna- og skoðanafrelsi að einu leyti, einkum í Englandi, en að öðru leyti upplýst einveldi, einkum á meginlandi Evrópu.

Því má skjóta hér inn í, að annars var merkantílisminn ráðandi efnahagsstefna á þessu tímabili, og birtist hún ekki hvarvetna í sömu mynd. Í Danmörku fól hún í sér margvísleg ríkisafskipti til stuðnings verzlun, siglingum og iðnaði, svo sem Íslendingar gerst þekkjja af einokunarverzluninni og síðar innréttingum Skúla Magnússonar.

Höfuðinntak stefnu hins menntaða einveldis var í því fólgið, að þjóðunum væri bezt borgið, er þær lytu einveldi viturra þjóðhöfðingja, sem ættu það takmark æðst að efla heill og hamingju þegna sinna. Þegar þjóðirnar hefðu öðlzt fræðslu og menntun, svo og losað sig við það, sem þeirrar tíðar umbótamenn kölluðu hjátrú og hleypidóma, yrðu þær þess fyrst umkomnar að njóta frelsis. Einkunnarorð stefnunnar voru: upplýsing – fræðsla – almannaheill.

Í kjölfar skynsemisstefnunnar fylgdi þannig fræðslu- eða upplýsingarstefna.

Á Íslandi gætti þessara hræringa lítt fyrr en á síðari hluta 18. aldar. Tvennt hafði einkum drottnað í andlegu lífi þjóðarinnar fram til þess tíma: annars vegar lúthersk rétt-trúnaðarstefna, en hins vegar forn fræði og skáldmennt. Raunar var einnig mikið af and-legu starfi hennar á síðari hluta 18. aldar af þeirri rót runnið, þrátt fyrir áhrif erlendra stefna.



(mynd)

Rasmus Kristján Rask (1787–1832)

Aðalhvatamaður að stofnun Hins íslenska bókmenntafélags. Fyrsti forseti Hafnardeildar þess. Hann var fæddur á Fjóni og foreldrar hans fátækir. Síðar varð hann víðkunnur málfræðingur og prófessor í þeirri grein við Háskólann í Kaupmannahöfn. Hann lærði íslensku á unga aldri og náði fullkomnu valdi á henni. Einum vina sinna ritaði hann á þessa leið: „Eg læri ekki íslensku til að nema af henni stjórnfræði eða hermennsku, eða þesskonar en eg læri hana til þess að geta hugsað eins og maður, til þess að útrýma þeim kotúngs og kúgunar anda, sem mér hefir verið innrættur með uppeldinu frá blautu barnsbeini, til þess að stæla hug og sál ...“ (Minningarrit 1867, bls. 15).

Meðal nýrra hræringa á 18. öld má nefna heittrúarstefnuna eða píetismann. Sú stefna festi raunar lítt rætur hér á landi, en áhrif hennar birtust einkum í skólamálum, og ber þar sérstaklega að nefna sendiför þeirra Lúðvíks Harboes og Jóns Þorkelssonar. Efld-ist við hana að mun lestrarkunnátta, þannig að alþýða manna gat fært sér í nyt bækur ekki aðeins um trúarefni, heldur einnig veraldleg, þegar slíkra rita var kostur. Þjó þetta mjög í haginn fyrir þann tíma, er í hönd fór.

Að áhrifum merkantilismans á Íslandi er áður vikið. Einokunarverzlunin var í anda hans og síðar barátta Skúla Magnússonar fyrir því að koma upp iðnaði á Íslandi, en þar naut hann stuðnings danskra stjórnvalda. Andspyrna hans gegn einokuninni ber hins vegar vitni um áhrif frjálslegra skoðanahátta, sem ríkjandi voru í Englandi.

En upplýsingarstefnan átti einnig fulltrúa meðal Íslendinga. Nefna má Jón Eiríks-son konferensráð, Hannes Finnsson biskup, Eggert Ólafsson náttúrufræðing, skáld og varalögmann, Björn Halldórsson prest í Sauðlauksdal og Magnús Ketilsson sýslumann í Búðardal. Bókaútgáfa á Íslandi ber áhrifum þessarar stefnu skýrt vitni. Fram undir 1770 höfðu fáar bækur verið prentaðar á Íslandi, sem eigi höfðu að geyma einhvers konar guðsorð, en eftir þetta verður á veruleg breyting. Hvert ritið birtist af öðru um fjölmörg hagnýt viðfangsefni, einkum búnað og önnur atvinnumál. Einnig var tekið að gefa út ver-aldlegan kveðskap.

Stefna hins menntaða einveldis og upplýsingar var engin þjóðernisstefna, nema síður væri. Hún var í eðli sínu alþjóðleg. Pólitískar hugmyndir fylgjenda hennar voru einkum bundnar við ríkið sem hið eina sanna samfélag þegnanna, er laut forystu og forsjá einvalda af guðs náð, er hefði almannaheill eina að leiðarljósi. Öllum væri fyrir beztu, að í þessu samfélagi réði einn siður, ein lög og ein stjórn. Ólík lög, tungur og siðir væru ein-ungis til trafala, bæði í ríkinu í heild og einstökum landshlutum – veila í ríkinu. Með því að viðurkenna ríkisheildina og einingu ríkisins væri jafnræði allra þegna tryggt, hvar sem þeir væru búsettir. Bjarni Jónsson skólameistari í Skálholti (1753–1781) var hispurslaus fulltrúi þessarar stefnu. Er oft vitnað til álitserðar þeirrar, er hann sendi landsnefndinni fyrri árið 1771, þar sem því var haldið fram, að Íslendingar ættu að leggja niður tungu sína og önnur þjóðleg sérkenni. Þeir hefðu hvarvetna verið mikils metnir, þegar þeir töl-uðu sömu tungu og aðrar Norðurlandþjóðir og hún ekki háð viðskiptum þeirra. Er tungurnar greindust og fram til þessa dags hefðu Íslendingar verið settir hjá í ríkinu, m.a. vegna sérhyggju sinnar. Nú bæri þeim öðru fremur að líta á sig sem þegna í ríki Dana-konungs og jafnborna hverjum öðrum til þeirra réttinda, sem menn gætu framast öðlæzt. En til þess að auðvelda slíkt yrðu þeir að varpa öllu á brott, sem einangraði þá. Þegar þetta hefði verið gert, öðluðust þeir að nýju sinn fyrra sess.

Ekki verður hér fjölyrt frekar um þessa kenningu, en þó má benda á, að hér svo sem einatt áður var



sitthvað kenning og veruleiki. Þrátt fyrir öll ummæli um landsföður-lega forsjá stjórnarinnar, varð reyndin sú, er hagsmunir einstakra hluta ríkisins rákust á, að hagsmunir Dana sátu í fyrirrúmi, en veraldarviðgangur Norðmanna og Íslendinga á hakanum. Auk þess var stjórnin engan veginn svo máttug sem látið var í veðri vaka.

Þó verður ekki annað sagt, en einveldisstjórnin hafi á síðari hluta 18. aldar viljað láta ýmislegt gott af sér leiða – m.a. í atvinnumálum, eins og í stuðningi við innréttingar Skúla Magnússonar, sem áður var getið, svo og í heilbrigðis- og réttarfarsmálum, þannig að eitthvað sé nefnt.

En þrátt fyrir þetta höfðu vonirnar um hið upplýsta einveldi í mörgum greinum brugðizt. Nýjum hugmyndum hafði skotið upp í Evrópu og Ameríku og þær orðið þar að veruleika, m.a. með stofnun Bandaríkja Norður-Ameríku árið 1776 og stjórnarbylting-unni frönsku 1789. En málsvarar þeirra voru víst ekki margir meðal þegna Danakonungs og trúlega enginn á Íslandi. Á þessum tíma voru Íslendingar konung-hollir í bezta lagi, og enginn bilbugur virðist hafa verið á hollustu þeirra. Allt átti þetta þó eftir að breytast. Þessum nýju hugmyndum taka Íslendingar fyrst að kynnast um aldamótin 1800, en veru-leg áhrif hafa þær um og upp úr 1830, enda má segja, að þá valdi þær þáttaskilum í sögu þjóðarinnar.

Þegar komið er fram á síðari hluta 18. aldar, má greina tvo meginstrauma í ís-lenzkum menntum, – forn þjóðleg fræði og skáldmennt svo sem áður, og alþjóðlega skynsemis- og upplýsingarstefnu, sem að nokkru leyti hafði leyst af hólmi lútherskan rétt-trúnað. Þessar tvær stefnur blandast þó með ýmsum hætti í meðförum manna.

Í höndum Eggerts Ólafssonar fær upplýsingarstefnan alveg þjóðlegan búning, en í ritum Hannesar Finnssonar gætir hvors tveggja – fræðimennsku fullkomlega í þjóðlegum stíl og ómengaðrar alþjóðlegrar upplýsingarstefnu. Tímamótamenn teljast skáldin Benedikt Gröndal (eldri) yfirdómari, séra Jón Þorláksson á Bægisá og Sigurður Pétursson sýslumaður. Allir höfðu þeir nán kynni af erlendri menningu. Túlka bæði Jón Þorláksson og Benedikt Gröndal mörg útlend skáldverk á íslenzku, en gera það á þjóðlegan hátt.

Magnús Stephensen fylgdi á hinn bóginn upplýsingarstefnunni út í æsar. Ritstörf hans voru jafnaðarlega miðuð við raunhæfa almenna fræðslu, en voru fjarri því að vera þjóðleg, hvorki að anda né búningi.

Þannig voru í fáum orðum straumar í menntun á Íslandi á síðari hluta 18. aldar. Eins og áður var vikið að, verða umskipti upp úr miðri öldinni, og þessi umskipti má glögglega greina í bókaútgáfu og bókakosti landsmanna. Einn þáttur þessarar nýju stefnu er sá, að samtök hefjast um bókaútgáfu. Hið íslenzka bókmenntafélag er einn kvistur á þeim meiði og sá, er varanlegastur varð, en rétt er að geta stuttlega þeirra félaga, sem fyrr störfuðu í sama eða svipuðum tilgangi, áður en vikið er sérstaklega að því.

FYRSTA bókmenntafélag á Íslandi var stofnað um 1760. Nefndist það **Ósýnilega félagið** og mun tilgangurinn einkum hafa verið sá að efna til útgáfu fornrita og þá útgáfu, sem fullnægði kröfum erlendra fræðimanna. Þar sem félag þetta er af nokkuð öðr-um toga spunnið en bókmenntafélög þau, sem síðar voru stofnuð, verður ekki frekar fjöl-yrt um upphaf þess eða athafnir.

Hrappseyjarprentsmiðja er stofnuð 1772–1773. Upphafsmáður hennar var Ólaf-ur Ólafsson (Olavius),





en hann var eindreginn fylgismaður upplýsingarstefnunnar. Var ætlan hans sú að hefja bókaútgáfu til styrktar framförum um verkleg efni og gefa Íslend-ingum kost á að eignast fjölbreyttari bókakost en hingað til hafði verið auðið.

Hér verður saga Hrappseyjarprentsmiðju ekki rakin, en þaðan komu mörg merkis-rit um verkleg og hagnýt efni, að sjálfsögðu einkum landbúnað. Ennfremur mætti nefna ýmis bókmenntaverk svo og lögfræði- og sagnfræðirit.

Kalla má, að móðuharðindin 1783–1784 yrðu Hrappseyjarprentsmiðju að fóta-kefli. Flestir urðu öreiga í ógnum þeim, er yfir landslýðinn gengu, og svo kjarklausir, að þeir hvorki gátu né vildu bækur kaupa. Prentsmiðjan hætti þó ekki störfum að fullu fyrr en 1795, er Landsuppfræðingarfélagið keypti hana og flutti að Leirárgörðum í Borgar-firði.

Meðan Hrappseyjarprentsmiðja starfaði, gerðust atburðir í Danmörku, sem miklu máli skiptu um íslenzkar menntir. Á árunum 1772–1774 var prentuð ferðabók Eggerts Ólafssonar og Bjarna Pálssonar á dönsku, á árunum 1772–1778 Kirkjusaga Finns biskups Jónssonar á latínu og árið 1780 kom út ferðabók Ólafs Olaviusar á dönsku. Allt voru þetta grundvallarrit, hvert á sínu sviði, einkum þó tvö hin fyrr nefndu. Þau vöktu athygli erlendis, urðu hvatning íslenzkum menntamönnum og lyftu bókmennta- og fræðaáhuga þeirra.

(Mynd)

Jón Eiríksson konferensráð, forseti Hins Konunglega íslenzka Lærdóms-listafélags 1779–1787.

(Mynd)

Magnús Stephensen dómstjóri, framkvæmdastjóri og síðar forseti Hins Konunglega Íslenzka Landsuppfræðingarfélags 1794–1827.

Sumarið 1779 stofnuðu 12 íslenzkir stúdentar í Kaupmannahöfn félag, sem nefnt var **Hið íslenzka lærdómslistafélag**. Skyldi tilgangur þess vera að upplýsa og fræða, einkum um bústjórnarefni. En auk þess skyldi félagið beita sér fyrir fræðslu í hverjum þeim lærdómsgreinum, sem fræðslu skorti um á Íslandi og félagið mætti orka. Í þessum tilgangi var gefið út tímarit – **Rit þess íslenzka lærdómslistafélags**, sem út kom í 14 bindum á árunum 1781–1796. Að auki var prentaður hluti hins 15., sem aldrei kom þó formlega út.

Enda þótt höfuðtilgangur félagsins og um leið ársrits þess væri sá að fræða Íslend-inga um bústjórnarefni, voru áhrif þess í bókmenntum engan veginn óveruleg. Í Lærdómslistafélagssritunum (Félagsritunum gömlu) birtust m.a. þýðingar Benedikts Gröndals og Jóns Þorlákssonar eftir höfuðskáld Englendinga, Pope og Milton, og höfðu þessar þýð-ingar veruleg áhrif á bókmenntir síðari tíma. Þá skipti og nokkru máli, að stefnt var að því að hreinsa málið af erlendum orðum, enda var lögbundinn tilgangur félagsins m.a. að „geyma og varðveita norræna tungu sem eitt fagurt aðalmál, sem langa ævi hefir talað verið á Norður-löndum.“

Einn maður hélt öðrum fremur uppi starfsemi Lærdómslistafélagsins. Það var Jón Eiríksson. Eftir lát hans 1787 tók mjög að dofna yfir félaginu, unz það hætti störfum.

Formleg endalok Lærdómslistafélagsins urðu þau, að forráðamenn þess rituðu Kaupmannahafnardeild Hins íslenzka bókmenntafélags árið 1817 bréf, þar sem þeir buð-ust til að eftirláta því eignir Lærdóms-





listafélagsins. Samþykktu báðar deildir Bókmennta-félagsins boðið. Voru félögin sameinuð, bókaleifar, skjöl og önnur gögn Lærdómslistafé-lagsins afhent 28. apríl 1818, en sjóður 10 árum síðar eða 29. maí 1828.

Hið íslenzka landsuppfræðingarfélag var stofnað á Alþingi 19. júlí 1794 að for-göngu Magnúsar Stephensens. Fyrsti forseti þess var Ólafur Stefánsson stiftamtmaður, faðir hans, en Magnús var ráðinn framkvæmdastjóri. Eitt fyrsta verk félagsins var að taka við Hrappseyjarprentsmiðju og láta flytja hana að Leirárgörðum. Einnig tók félagið við hinni gömlu Hólaprentsmiðju 1799.

Landsuppfræðingarfélagið hafði mjög svipað markmið og Lærdómslistafélagið hafði áður haft. Var því vel tekið í upphafi og gerðist snemma fjölmennt. Voru félags- eða styrktarmenn um 1.200, þegar þeir voru flestir.

Rammaklausa

Annars þér einlægliga að segja held eg að íslenskan bráðum mun útaf deyia, reikna eg að valla mun nockur skilia hana í Reykiavik að 100 árum lidnum, enn valla nockur í landinu að öðrum 200 þarupphrá, ef alt fer eins og hingað til og ecki verda rammar skordur vidreistar, jafnvel hiá bestu mönnum er annadhvört ord á dönsku, hiá almúganum mun hún haldast við leingst.

Úr bréfi Rasmusar Kristjáns Rasks til Bjarna Þorsteinssonar 30. ágúst 1813. (Breve til og fra Rasmus Rask 1 (1941) bls. 164).

Rit félagsins voru eindregið í anda upplýsingarinnar, en verða ekki talin hér. Þó skal getið um Minnisverð tíðindi (1796–1808), sem var fyrsta tímarit á íslenzku prentað hér á landi. (Áður hafði verið gefið út í Hrappsey tímaritið *Íslandske Maanedstidender*, en það var á dönsku). Var ritið fréttatímarit, þar sem raktir voru helztu atburðir utan lands og innan. Var tímarit þetta fyrirmynd Sagnablaðanna, sem Bókmenntafélagið hóf að gefa út 1817, og svo *Skírnis*, sem kom í framhaldi af þeim.

Félagið gaf út mörg rit Magnúsar Stephensens. Var markmið þeirra öðru fremur að kynna menningu erlendra þjóða í sem flestum greinum. Um leið réðst hann harkalega á það, sem hann taldi fákænsku, hjátrú, forneskju og vanafestu landsmanna, er engri nýj-ung vildu sinna. Kunnu menn slíkum aðfinningum illa, og Landsuppfræðingarfélaginu urðu þær ekki til framdráttar. Við þetta bættist ágreiningur um trúarefni, þar sem Magnús var skynsemistrúarmaður og andvígur hefðbundnum lútherskum rétttrúnaði, og svo það, að ýmsum þóttu Stefánungar, ættmenn hans, gerast valdamiklir úr hófi.

Viðleitni Magnúsar til að ryðja hinni alþjóðlegu upplýsingarstefnu braut á Íslandi bar því minni árangur en hann hefði vafalaust kosið. Þetta hefur verið skýrt svo, að stefna Magnúsar hafi verið óþjóðleg – þar hafi gætt lítills skilnings á þjóðlegum menningarverð-mætum. Hvað sem því líður er hitt víst, að mat hans á þjóðlegum menningarverðmætum var annað en hinnar nýju þjóðernisstefnu, er reis öndverð honum með rómantíkinni í upp-hafi 19. aldar. Fylgismönnum hans fækkaði, og engir nýir lærisveinar bættust við, unz hann stóð einn síns liðs sem síðasti fulltrúi hins menntaða einveldis og alþjóðlegu upplýs-ingarstefnu 18. aldar.

Landsuppfræðingarfélagið beið auk þess mikinn hnekki á styrjaldarárunum upp úr 1800 og má heita, að það hafi legið í dái á árabílinu 1812–1816. Er Hið íslenzka bók-menntafélag hafði verið stofnað árið 1816, tók Landsuppfræðingarfélagið að nýju til starfa, en mjög var þó starfsemi þess takmörkuð. Hér við bættist svo, að Magnús sætti mjög harðri gagnrýni fyrir meðferð sína á félaginu, einkum fjárhaldi þess. Fór svo að lok-um, að það var formlega leyst upp 19. júlí árið 1827, réttum 33 árum eftir stofnun.



AF ÞVÍ, sem nú hefur verið rakið, er auðsætt, að allmikill afturkiptur var kominn í starfsemi bókmennta- og fræðafélaga Íslendinga um 1810. Bendir það til þess, að ekki hafi horft vel um íslenzkar menntir og þjóðerni.

Íslendingar sjálfir virðast jafnvel um þessar mundir teknir að aðhyllast þær skoð-anir, að tungan sé að líða undir lok. Vísbendingu um það má sjá í skýrslu, sem stjórnar-nefnd stofnunar Árna Magnússonar ritaði konungi 1811. Þar segir, að kunnáttu í íslenzkri tungu fari sífellt hnignandi, og er þar væntanlega átt við, að svo sé meðal Íslendinga í Kaupmannahöfn og málið sé smám saman að spillast, svo að „hin svokallaða íslenzka“ muni innan skammrar stundar útaf deyja eins og engilsaxneskan í fornöld. Á Íslandi munu menn þó ekki hafa fundið það almennt á sér, að málinu hnignaði, heldur hitt, að bókamálið væri tekið að fá á sig annað snið en daglegt mál.

Um miðjan ágúst árið 1813 bar hingað til Íslands útlendan lærdómsmann, mál-fræðinginn Rasmus Kristján Rask. Hann var eins og kunnugt er víðfrægur af rannsóknum sínum og brautryðjendastarfi í málfræði. Á unga aldri hafði hann fengið miklar mætur á íslenzkri tungu, en fundið fyrir því, er hann vildi nema hana, að engin nothæf íslenzk málfræði var til.

Rask kom til Háskólans í Kaupmannahöfn árið 1807 og batzt skjótlega vináttu við marga Íslendinga, er þar voru við nám, m.a. Árna Helgason, síðar stiftprófast, Bjarna Þorsteinsson, síðar amtmann, og Bjarna Thorarensen skáld og síðar amtmann. Árið 1811 gaf hann út íslenzka málfræði (Vejledning til det islandske eller gamle nordiske sprog). Var það rit stórmerkt framlag til íslenzkrar málfræði.

Rask lagði hug á að heyra, hvernig málið hljómaði af vörum þjóðarinnar, og fékk styrk til að ferðast til Íslands árið 1813, eins og áður sagði. Meðan hann dvaldist á Ís-landi, fór hann víða um landið, m.a. um allt Suðurland og Norðurland, allt austur í Múla-sýslur.

Að sjálfsögðu varð hann margs vísari á ferðum sínum, ekki sízt um ástand ís-lenzkunnar. Virtist honum tungan vera í bráðri hættu, ef eigi yrðu reistar við rammar skorður. Enda þótt málið lifði á vörum alþýðu víða furðu hreint, stöðjuðu að því óholl áhrif úr ýmsum áttum, einkum frá dönskum og hálf dönskum verzlunarlýð á hverri höfn, og embættismönnum, sem voru lítt þjóðlegir í háttum. Þess má og geta að íslenzk tunga var hvergi kennd og bókamálið mjög blandið. Allur áhugi manna beindist að fornu máli ís-lenzku og fornum bókmenntum, en ekki að tungunni eins og hún var, né heldur að bók-menntum síðari alda. Var engu líkara en Íslendingar sjálfir væru farnir að líta á tungu sína sem eitt hinna klassísku dauðu tungumála. Rask þóttist gjörla sjá, að ekki yrði talað ís-lenzkt orð í Reykjavík að hundrað árum liðnum og tungan út-dauð með öllu í landinu eftir svo sem 200 ár, ef slíku færi fram.

Það er sannleikur, sem enginn mun um efast, að Íslenzkir eigi ekki stríðs-makt eður höndlun, heldur skáldum og sagnameisturum að þakka þá frægð, sem þeir hafa öðlzt hjá öðrum þjóðum í Norðurlöndum, og að miklu leyti þá upplýsingu, sem enn í dag við gengst á millum alþýðu manna hér á landi, ásamt þeirri æru, að hafa einir varðveitt nærri því óumbreytta og óspillta þá gömlu og ágætu aðaltungu á Norðurlöndum.

Að sönnu hefir þjóðanna ástand umbreytt sér svo mikið, og kunstir og vísindi hjá mörgum þeirra aukizt svo furðanlega, síðan fornanna skáld-skapur og yfir höfuð að tala bókaskript á Íslandi blómgaðist; en íslenzkir þess á milli vegna ýmissra óhappa orðið svo langt eptir, að varla er til vonar að nýjar bækur á þessu máli nái eins miklu álitu hjá útlenzkum og þær gömlu; en þess þarfari kannske þær verði þjóðinni sjálfri, eigi hún að verða hluttakandi í þeirri mentun og þekkingu, sem nú er upp komin og kapp-samlega iðkuð í öðrum löndum, þar ekkert annað mál er mögulegt til að fræða almenning hér á landi; því vildu menn innleiða annað mál, eða láta sér nægja annara þjóða rit – þá mundu líða nokkur hundruð og kannske þúsund ár, fyrr en þau yrði almenningi hér skiljanleg; en þess á milli kynni máske nýtt tungumál að vera upp komið utanlands, og Íslenzkir mundu þá eins illa staddir og fyrr. Þess vegna, þó móðurmálið sé mikils metið hjá öll-um síðuðum þjóðum, svo er þó að mínu álitu einna mest á Íslandi þess við-hald, og bókaskript þarí, einhver sá helzti stofn undir sóma, mentun og far-sæld þjóðarinnar. Allir föðurlandsvinir munu líka játa með sorg, að mart og mikið vanti enn að skrásetja á Íslenzku ...

Upphaf boðsbréfs þess frá 27. febrúar 1815 um stofnun Hins íslenzka bókmenntafélags, sem Rask samdi í samráði við Geir biskup Vídalín og biskup sendi síðan með umburðarbréfi til allra prófafa í landinu. (Minningarrit 1867, bls. 57-58).

Sérhver íslenzkur maður, sem ekki er öldungis ókunnugur í heiminum, mun viðurkenna, að gamla Norrænan sé sú helzta undirrót Íslands sóma; því væri ekki gamli skáldskapurinn, sögurnar og aðaltúngan, móðir allra tungumála á Norðurlöndum, þá mundi varla nokkur maður í framandi löndum þekkja þjóð eða land, né heldur forvitnast þar um, frammar en um aðra villipjóð eður eyðimörk ...

En hér er meiri brestur á en vera skyldi, þar sem öll bókaskript á ís-lenzku og prentun er nærri undir lok liðin, og málið víða farið að spillast, en helzt hjá lærðum mönnum, þó skömm sé til að vita. Það er annars nógu náttúrlegt, þar varla er nokkur sú menntagein, í hverri maður af íslenzkum bókum geti lagt sér góðan grundvöll, fengið góða almenna útsjón, auk held-ur gengið víðar; venjast því Frónskir frá blautu barnsbeini við útlenzkt mál, og Íslenzkir týna niður Íslenzku, en almúginn, sem sjálfur er útilokaður frá annara þjóða bókaskript, fær litla uppbyggingu af þessum lærdómi, sem honum er óskiljanlegur. Ef þetta viðgengst, mun þjóðin, þó hún sé nógu lítil, óumflýjanlega tvískiptast, og mun annar parturinn taka upp smá-saman annað mál og aðra síðu, fyrirlíta allskostar hinn og þykja hann klúr og búralegur; þá mun líka útgjört um hennar framfarir í andlegum efnun.

Til þess að reisa hér skorður við, ef verða mætti, hafa nú fyrir skömmu margir föðurlandsvinir og sómamenn á Íslandi gengið í félag nokkurt, hvers tilgáangur er, með árlegum styrk, sem er tekinn eptir hvers eins vilja og efn-um, að útgefa allskonar bækur á íslenzkri tungu ...

Í þessari glöðu von bið eg alla þá, sem þóknast að innganga í þetta ís-lenzka félag, að teikna fyrir neðan, ásamt nafni, standi og bústað, með hvað miklu eða litlu sérhver skuldbindur sig að styrkja félagið árlega. En ef þeir verða svo margir, að nokkur hluti félagsins, eins og til er ætlað, geti við-haldizt hér, en annar á Íslandi, þá ætla eg, sem fyrst eptir það listinn kemur

aptur, að þjóða félagslimum til samkomu á þeim stað, sem þá mun tiltekið, svo eg geti frekar skýrt frá félaginu og þess innréttingu á Íslandi, og félags-limir sjálfir samkvæmt því lagað og reglubundið þenna part félagsins og lagt þegar hönd á verkið því lífið er stutt hjá því enu mikla, sem ógjört er í þessu efni.

auðmjúkast og vinsamlegast,
Kaupmannahöfn þann 1. Janúar 1816
R. Rask.

Kaflar úr boðsbréfi Rasks til Íslendinga og Íslands vina í Kaup-mannahöfn um að stofna

Hið íslenzkra bókmenntafélag. (Minning-arrít 1867, bls. 62-64).

Taldi hann vænlegast til árangurs að efna til félags meðal Íslendinga, sem skyldi efla og styðja bókmenntir þeirra, vera til varnar og viðhalds íslenzkri tungu og styrkja al-menna menntun. Ræddi hann þessa hugmynd við menn á ferðum sínum, og var ætlan hans einkum sú, að félagsmenn skyldu aðeins leggja fram fé. Ættu þeir einungis að vera styrktarmenn félagsins, enda skyldi það ekkert rit kaupa til prentunar, né heldur láta fé-lagsmönnum neinar bækur í té fyrir styrk þeirra.

Eins og vænta mátti, varð slíku félagi ekki komið á fót fortölulaust. En marga vann þó Rask til að lofa að styrkja íslenzkt bókmenntafélag, ef stofnað yrði.

Meðal þeirra, sem Rask hafði sérstaklega að ráðum við þessar aðgerðir, má nefna fornvin hans, séra Árna Helgason, og svo Geir Vídalín biskup.

Í samráði við biskup samdi Rask boðsbréf, þar sem gerð er grein fyrir, hversu hinu fyrirhugaða félagi skuli vera háttað. Boðsbréfið er dagsett í Reykjavík 27. febrúar 1815, og sendi biskup það síðan með umburðarbréfi til allra prófesta. Mælti hann þar fastlega með þessari fyrirætlun og gat þess, að ef nokkurt fé safnaðist til framkvæmdar þessa fyrirtækis og ekki skorti duglega forstöðumenn, mundi það á margan hátt efla gagn og heiður Íslendinga og einkum verða ágætu móðurmáli þeirra til viðréttingar og varðveislu.

(mynd)

Sívaliturn og hluti Þrenningarkirkju.

(mynd)

Yfirréttarhúsið í Reykjavík (fremst á myndinni)

Stofnfundur Kaupmannahafnardeildar Hins íslenzka bókmenntafé-lags var haldinn „á Turni“ eins og stendur í fyrstu fundargerð. Orð þessi má ekki skilja alveg bókstaflega, því að stofnfundurinn var haldinn á lofti Þrenningarkirkju, þar sem bókasafn háskólans var. Hafði það verið flutt þangað eftir brunann 1728 og þar var það til ársins 1861, er það var flutt í núverandi húsakynni við hlið aðalbyggingar háskólans.

Í fundargerð stofnfundar Reykjavíkurdeildar er ekki getið um fund-arstað né heldur í þeirri „skriflegri innköllun“, sem getið er í fundar-gerðinni. Á þeim tíma, sem félagið var stofnað, gegndi yfirréttarhúsið hlutverki aðalsamkomustaðar í Reykjavík. Þar voru m.a. haldnir fundir og dansleikir. Reykjavíkurklúbburinn átti þar aðsetur, enda var það og kallað klúbbhúsið. Verður að telja mjög líklegt, að stofnfundurinn hafi verið haldinn þar, einkum þegar haft er í huga, að fundarstaðar er ekki getið, og svo það, að síðar voru fundir Bókmenntafélagsins oftlega haldn-ir þar. Þetta hús stóð þar sem nú er Austurstræti 4. Það var reist 1801, en rífið 1887. Myndin er tekin úr málverki, sem Chr. L. Moltke stiftamt-maður mun hafa málað um 1820 og varðveitt er í Landsbókasafni.

Blaðsíður úr fyrstu fundargerðabókum félagsins. Getur þar að finna upphaf fyrstu fundargerðar Hafnardeildar og fyrstu fundargerðar Reykjavíkur-deildar. En þar segir m.a.:

Kaupmannahafnardeild

Ár 1816 þann 13da Apríl var fyrsta regluleg samkoma hins ís-lenzka félags í Kaupmannahöfn haldin á Turni samastaðar. Þetta félag var í öndverðu stiptað eptir boðsbréfum Undirbibliothekarii Rasks, útgefnum á Íslenzku og Dönsku þann (1. Janúar og 27. Mars 1816), uppá hvert hið fyrsta flestallir Íslendingar hér á staðnum, er iðka eður iðkað hafa bókmenntir, einnig aðrir merkis-menn, höfðu teiknað, lofað að styrkja þetta til bókmenta út-breiðslu og viðurhalds á Íslandi stiptaða félag, og þannig gjört sig að þess reglulegum limum. Hið danska boðsbréf er ætlað til að sýnast mikilsmetnum dönskum embættismönnum, og öðrum meg-andi vísinda-elskurum, er vilja styrkja félagsins augnamið með peningatillögum.

Reykjavíkurseild

Ár 1816, fimtudaginn þann 1. August, var í Reykjavík almennur fundur áhrærandi grundvöllun þess ís-lenzka bókmentafélags á Ís-landi, eptir skriflegri innköllun dómkirkjuprests síra Árna Helga-sonar, dagsettri 16. f.m., útgefinni að tilhlutun félagsins upphafs-manns og núverandi forseta fé-lagsins í Kaupmannahöfn, bóka-hirðis R. Rasks, hvert skjal er við-lagt Protokollnum. Allir þeir inn-kölluðu, sem eiga heima hér í Reykjavík, hafa teiknað sín nöfn á fyrirkallið og mættu, að tveim frá-skildum. Annað fyrir-kall er aug-lýst félagsins limum á Álptanesi, en enginn þaðan mætir.

(Minningarrit 1867, bls. 67 og 69).

Að þessu loknu fór Rask alfarinn frá Íslandi að áliðnu sumri 1815. Áður en hann fór, hafði hann mælt til þess við séra Árna Helgason, að hann tæki að sér að verða for-seti félagsins. Mátti þá heita, að félagið væri stofnað, og vantaði eigi annað en formlegar samþykktir á fundum.

Á leið til Hafnar kom Rask við í Leith í Skotlandi. Dvaldist hann nokkrar vikur þar og í Edinborg. Leitaði hann stuðnings við félagið og ritaði í því skyni boðsbréf á ensku, sem dagsett er í Leith 21. september 1815.

Þegar til Kaupmannahafnar kom, gekkst Rask fyrir því þar, að stofnað væri sams konar félag, sem bæði Íslendingar í Kaupmannahöfn og Danir gengju í. Lét hann á nýárs-dag 1816 út ganga boðsbréf til Íslendinga og vina Íslands í Kaupmannahöfn um að styrkja þetta íslenzka félag. Var þess getið í bréfinu, að önnur deild félagsins yrði stofnuð í Kaupmannahöfn, ef nægilega margir yrðu styrktarmenn. Á boðsbréf þetta rituðu nöfn sín 33 Íslendingar, embættismenn, háskólakandídatar, stúdentar, kaupmenn og iðnaðar-menn og hétu fjárstyrk. En að auki ritaði Rask boðsbréf á dönsku, dags. 27. marz 1816, og gerðust ýmsir Danir styrktarmenn félagsins.

Var nú ekkert til fyrirstöðu að stefnt væri til fundar og stóð hann á Turni (á lofti Þrenningarkirkju – Trinitatis Kirke) 30. marz 1816. Voru þar embættismenn kosnir, en lög samþykkt á fundi 13. apríl sama ár. Í þeim var ætlað til, að bæði félögin, – það sem stofnað hafði verið í Kaupmannahöfn og hitt, sem myndað var í Reykjavík, – yrðu eitt fé-lag í tveimur deildum. Voru því löginn send Reykjavíkurfélaginu til samþykktar. Rask var síðan kosinn fyrsti forseti Kaupmannahafnarfélagsins.

Ennþá hafði félagið á Íslandi ekki haldið fund, en þeir menn, sem tekizt höfðu á hendur stjórn þess, einkum séra Árni Helgason, önnuðust málefni þess. Er þeir höfðu spurt stofnun félagsins í Danmörku kölluðu þeir menn til fundar í Reykjavík 1. ágúst 1816. Þar var lagt fram lagafrumvarpið, sem komið var frá félaginu í Kaupmannahöfn, en ákveðið var að fresta ályktun um það til næsta fundar. Embættismenn félagsins voru hins vegar kosnir, og var sr. Árni Helgason kosinn fyrsti forseti Reykjavíkurfélagsins. Næsti



fundur var haldinn 15. ágúst 1816. Þar var samþykkt lagafrumvarpið og um leið ákveðið að félögin skyldu sameinast og vera tvær deildir í einu félagi, er heita skyldi Hið íslenska bókmenntafélag. Þá fyrst mátti telja, að félagið væri að fullu stofnað. Ekki var þó endan-lega frá lögum gengið fyrr en árið 1818.

Mynd

Blaðsíður úr fyrstu fundargerðabókum félagsins. Getur þar að finna upphaf fyrstu fundargerðar Hafnardeildar og fyrstu fundargerðar Reykjavíkur-deildar. En þar segir m.a.:

Kaupmannahafnardeild

Ár 1816 þann 13da Apríl var fyrsta regluleg samkoma hins íslenska félags í Kaupmannahöfn haldin á Turni samastaðar. Þetta félag var í öndverðu stíptað eptir boðsbréfum Undirbibliothekarii Rasks, útgefnum á Íslenzku og Dönsku þann (1. Janúar og 27. Mars 1816), uppá hvert hið fyrsta flestallir Íslendingar hér á staðnum, er iðka eður iðkað hafa bókmenntir, einnig aðrir merkis-menn, höfðu teiknað, lofað að styrkja þetta til bókmenta út-breiðslu og viðurhalds á Íslandi stíptaða félag, og þannig gjört sig að þess reglulegum limum. Hið danska boðsbréf er ætlað til að sýnast mikilsmetnum dönskum embættismönnum, og öðrum megandi vísinda-elskurum, er vilja styrkja félagsins augnamið með peningatillögum.

Reykjavíkurdeild

Ár 1816, fimtudaginn þann 1. Augúst, var í Reykjavík almennur fundur áhrærandi grundvöllun þess íslenska bókmentafélags á Íslandi, eptir skriflegri innköllun dómkirkjuprests síra Árna Helga-sonar, dagsettri 16. f.m., útgefni að tilhlutun félagsins upphafs-manns og núverandi forseta félagsins í Kaupmannahöfn, bóka-hirðis R. Rasks, hvert skjal er við-lagt Protokollnum. Allir þeir inn-kölluðu, sem eiga heima hér í Reykjavík, hafa teiknað sín nöfn á fyrirkallið og mættu, að tveim frá-skildum. Annað fyrirkall er aug-lýst félagsins limum á Álptanesi, en enginn þaðan mætir.

(Minningarrit 1867, bls. 67 og 69).

() eyða í fundabókinni.

Þat félag, er Rasmus Rask hafði hafit, fékk lítinn studning hédan, ok helzt fyrir þá sök, at menn áttu at leggja því fyrirfram, ok fá ei kaup at betri, en ekki var gjört ráð fyrir at sögur yrði gefnar út: safnadi hann þó til þess í Danmörku, ok fékk svo mikla eflingu, at hann lét leggja upp Sturl-únga sögu.

Jón Espólin, Íslands Árbækr, XII. deild, bls. 92 (um árið 1817).

Í höfuðdráttum var Bókmenntafélaginu ætlað svipað hlutverk og Lærdómslista-félaginu og Landsuppfræðingarfélaginu, um leið og leitast var við að sneiða hjá þeim skerjum, sem þessi félög höfðu steytt á.

Lærdómslistafélagið hafði m.a. valið sér danska forstöðumenn og stjórn þess ein-ungis verið í Kaupmannahöfn. Töldu menn þetta aðalorsök hnignunar félagsins, með því að Íslendingar hefðu þá ekki lagt nauðsynlega rækt við það. Þess vegna var svo ákveðið um Bókmenntafélagið, að Íslendingar réðu sjálfir félaginu, og skyldi enga menn mega kjósa til embætta nema Íslendinga eða þá, sem væru jafnokar þeirra að þekkingu málsins. Þá skyldi stjórn þess vera á Íslandi og því til áréttingar ákveðið í lögum, að deildin á Íslandi væri aðaldeild og bæri ægishjálmi yfir öllu félaginu.

Landsuppfræðingarfélagið hafði hins vegar ekki lagað sig nægilega eftir þjóðlegri tilfinningu Íslendinga, og því var ákveðið, að Hið íslenska bókmenntafélag skyldi auk almennrar fræðslu og upplýsingar sérstaklega rækja þjóðlega menningu Íslendinga. Í þess-um anda var lögfest, að félagið skyldi ekki láta prenta





ný rit eingöngu, heldur einnig rit merkra manna, sem látnir væru, þar eð óttast mætti, að rit þeirra týndust ella. Í sama skyni skyldi félagið leitast við að auka og efla þekkingu Íslendinga á öllu því, er snerti sögu landsins og ástand.

Loks var sú stefna mörkuð, að félagið vildi forðast að koma í bága við önnur félög og tók því undan starfsvettvangi sínum guðfræði og eiginlega fornfræði, því að í þessum greinum voru félög þegar starfandi, eða um það bil að taka til starfa. (Hið evangelíska smábókafélag undir forystu séra Jóns Jónssonar í Möðru-felli, Hið íslenska biblíufélag og Árna Magnússonar nefndin í Kaupmannahöfn).

Þegar gerð er grein fyrir athöfnum Bókmenntafélagsins er hentugt að skipta sögu þess í fjögur tímabil.

Hér geta engin félög blessast. Fyrst eru margir latir, þar næst þykjast flestir hafa nóg með að stunda eigin hag og loksins er sam-gangan svo erfið, að ekki er hægt að ná þeim tillögum, sem verður eftir að ganga.

Árni Helgason í bréfi til Rasks 4. sept. 1823. (Skírnir 1927, bls. 15).

FYRSTA tímabilið nær frá 1816-1851.

Öflun fjár hafði gengið svo vel, að félagið gat hafið útgáfustarfsemi þegar eftir að það var stofnað. Eins og áður sagði, var tilgangur þess einkum sá að annast hvers konar fræðslu og upplýsing. Í þeim tilgangi hóf félagið útgáfu ársrits, sem fræddi landsmenn um helztu viðburði innanlands og utan. Nefndist það **Íslensk sagnablöð** og kom út á hverju ári þar til 1826, eða alls 10 árgangar, en þá tók við tímarit, sem hlaut nafnið **Skírn-ir**, og hafði sama hlutverk og Sagnablöðin. Er Skírnir enn í dag tímarit félagsins – að vísu með nokkuð öðru sniði en var í upphafi.

Enda þótt félaginu væri ekki sérstaklega ætlað að gefa út fornrit, fór þó svo, að **Sturlunga** og **saga Árna biskups Þorlákssonar** varð auk Sagnablaðanna það rit, sem fé-lagið gaf fyrst út. Hófst sú útgáfa 1817 og lauk 1820. Meðal þeirra manna, sem þar voru að verki, var Sveinbjörn Egilsson, og var útgáfa þessi fyrsta verkefni hans í forníslensk-um fræðum.

Ári eftir að útgáfu Sturlungu lauk, réðst félagið í það stórvirki að gefa út **Árbæk-ur Espólíns**. Eins og kunnugt er hafa þær að geyma sögu þjóðarinnar frá því að Sturl-ungu lýkur fram á daga höfundarins, svo að þær má skoða sem eins konar framhald henn-ar. Útgáfu Árbókanna lauk ekki fyrr en 1855, en þá mátti segja, að menn hefðu sæmilega aðgengilegt yfirlit um sögu landsins fram til fyrri hluta 19. aldar.

(mynd)

Legsteinn á gröf Rasks í Assistents kirkjugarði í Kaupmannahöfn. Eru áletranir á steininn á mörgum tungumálum, m.a. arabísku, hebresku og sanskrít. Íslenska áletranin er með rúnum og myndar umgjörð utan um nafnið. Standa þar þessi orð úr Konungsskuggsjá: Ef þú vilt fullkominn vera í fróðleik, þá nem þú allar tungur, en tyn þó eigi þinni tungu.

(Myndir)





Ásamt Íslenzkum sagnablöðum var Sturlunga saga með sögu Árna biskups Þorlákssonar fyrsta ritið, sem Bókmenntafélagið gaf út. Komu bæði út árið 1817.

Í framhaldi af Sturlungu réðst félagið í útgáfu Árbóka Espólíns og hófst hún 1821. Höfundurinn, Jón Espólín sýslumaður, styrkti félagið með því að þiggja engin ritlaun fyrir verk sitt.

Þótt fjölmargt megi að Árbókunum finna, er enginn ágreiningur um það, að þær séu meðal merkustu rita, sem félagið hefur gefið út.

Ekki voru allir ánægðir með útgáfu Árbókanna, – þar á meðal for-seti Reykjavíkurdeildar félagsins, séra Árni Helgason, og dr. Hallgrím-ur Scheving, kennari við Bessastaðaskóla. Séra Árni segir um þetta eftirfarandi: „Mörgum er illa við Espólínsannála og guð veit hverjum þeir eru til lofs og dýrðar með öllum þeim hégómaskap, sem þar er frá sagt. Og dr. Scheving, sem vér álitum orakel í stílsdómum getur ekki liðið stílinn, og er því úr félaginu genginn (ekki er ég honum samt samdóma um stílinn), en ekki veit ég hvað heimurinn á að gjöra við þá sögu, nema það skyldi vera til þess, að hafa vott þess í höndum, að hér hafi ekkert ærlegt verk verið gjört nokkrar aldir, og hinar seinni aldir hafi ei viljað að sú markleysa legðist í gleymsku hafið“.

(Skírnir 1927, bls. 17)

Fjarri fer, að rit þetta sé gallalaust, en eigi að síður getur það talizt eitt mikils-verðasta heimildarrit um sögu þjóðarinnar. Auk þess er það ritað á þróttamiklu sögumáli, sem hafði mikil áhrif til málbóta. Má líklegt telja, að útgáfa þessara rita hafi mjög búið í haginn fyrir sjálfstæðishreyfinguna á 19. öld.

Af öðrum ritum, sem félagið gaf út, má nefna **Landafræði** Gunnlaugs Oddssonar (1821–1827), **Ljóðmæli** séra Stefáns Ólafssonar í Vallanesi (1823), **Paradísarmissi Mil-tons** í þýðingu séra Jóns Þorlákssonar á Bægisá (1828), **Grasafræði** Odds Hjaltalíns (1830) og **Orðskviða og málsháttasafn** eftir séra Guðmund Jónsson á Staðastað (1830). Enn má nefna **Messías** eftir þýzka skáldið Klopstock í þýðingu séra Jóns Þorlákssonar á Bægisá (1834–1838), **Lækningakver** eftir Jón Hjaltalín (1840) og **Um frumparta ís-lenzkrar tungu** eftir Konráð Gíslason (1832). Loks má nefna fyrstu útgáfu **kvæða** skáld-anna Bjarna Thorarensens og Jónasar Hallgrímssonar, sem birtist 1847.

Auk þess hóf félagið framkvæmdir við tvö stórvirki. Annað var stuðningur við landmælingastarf Björns Gunnlaugssonar og útgáfa á Íslandsuppdráttum hans. Hitt var undirbúningur að fullkominni lýsingu Íslands. Voru fyrir tilstilli félagsins samdar ítarleg-ar sýslu- og sóknarlýsingar. Verkinu lauk að vísu aldrei, en til varð mikið safn og merki-legt, sem nú er geymt í handritasafni félagsins í Landsbókasafni. Verður síðar gerð nokkru fyllri grein fyrir þessum verkum.

Segja má, að þetta tímabil 1816–1851 hafi nær allar framkvæmdir félagsins, bæði er lutu að bókaútgáfu, útsendingu bóka og innheimtu tillaga, hvílt á herðum Hafnardeild-arinnar. Hlutverk Reykjavíkurdeildarinnar varð lítið annað en að innheimta tillög úr Reykjavík og grennd og senda Hafnardeild. Þó var stuðningurinn við landmælingarstarf Björns Gunnlaugssonar verk Reykjavíkurdeildar.

Ástæða þess, að málin snerust þannig, er auðsæ. Samgöngur einstakra héraða á Ís-landi voru greiðastar við Kaupmannahöfn, en ekki Reykjavík, og á Íslandi var einungis ein prentsmiðja, sem var í höndum Landsuppfræðingarfélagsins. Þegar prentverk var haf-ið í Reykjavík 1844, tók deildin þar að gefa út bækur. Á árunum 1846–1854 kom út fyrsta bókin, **Skýringar yfir fornryði lögbókar**, eftir Pál Vídalín, og sá Þórður Svein-björnsson yfirdómari um útgáfuna.

(Mynd)





Fyrsta rit, sem Reykjavíkurdeld Bókmenntafélagsins gaf út, var þessi merka bók Páls lögmans Vídalíns. Kom hún út í heftum á árunum 1846-1854. Jafnframt er þetta fyrsta fræðirit – grundvallað sjálfstæðum rannsóknum, sem gefið er út í Reykjavík. Með útkomu þess verður höf-uðborg Íslands fyrst útgáfustaður slíkra fræðirita.

Af þessu má sjá, að félagið afkastaði miklu á fyrsta tímabilinu, en jafnframt hafði það safnað allgildum sjóði. Tvennt olli því einkum, að þetta tókst. Framan af greiddi fé-lagið engin ritlaun, og félagsmenn fengu engar bækur fyrir tillög sín, heldur urðu þeir að kaupa bækurnar fullu verði, er þær komu út. Hvorugt fékk þó staðizt til lengdar, og olli þessi skipan vaxandi óánægju. Frá 1840 tekur félagið að greiða ritlaun, og 1845 er ákveð-ið að láta féлага fá bækur fyrir árstillög þeirra.

(Myndir)

Frá Gömlu strönd.

Amalienborg, höll Kristjáns VII. Teikning eftir J.J. Bruun.

Upphaflega hafði Kaupmannahafnardeild Bókmenntafélagsins geymslu fyrir bækur og skjöl í húseigninni nr. 4 við Gammel Strand. Þar kom upp eldur nótt-ina milli 24. og 25. september 1847 og brann þar að kalla má öll eign félagsins í óseldum bókum og bókum, sem félagið hafði þegið að gjöf, svo og nokkur hand-rit. Mörg verðmætustu handritin björguðust þó. Einnig frelsaðist fundarbók fé-lagsins, ein bréfabók og dag-bók, en flest annað af gögnum þess fórst. Þarna brunnu og flestöll gögn Lærdómslistafélagsins og forlags-bækur þess. Auk þess tjóns, sem fólst í missi sögulegra gagna, beið félagið allverulegt fjárhagstjón.

Eftir brunann léði Kristján konungur VIII deildinni húsnæði í Amalien-borg – höll Kristjáns VII – bæði undir handritasafnið og prentaðar forlags-bækur. Naut félagið húsnæðisins ókeypis til 1911, að Hafnar-deildin var flutt til Íslands.

ANNAÐ tímabilið nær frá 1851–1879 og miðast við þau ár, sem Jón Sigurðsson var forseti Hafnardeildar. Marka þau djúp spor í sögu félagsins, enda almennt talið, að enginn forseti Bókmenntafélagsins hafi verið jafnötull og Jón Sigurðsson og undir einskis manns stjórn hafi jafnmargar og merkar bækur komið út á vegum þess.

Þegar Jón Sigurðsson tók við forsetastarfi, hafði félagið lítið gefið út um nokkurt skeið, og olli því meðal annars sjúkleiki fyrirrennara hans, Brynjólfs Péturssonar. En auk þess hafði félagið orðið að verja öllum kröftum sínum til útgáfu uppdrátta Íslands, sem áður sagði frá. Jón Sigurðsson var þeirrar skoðunar, að helzta ráðið til að fjölga félags-mönnum væri að láta þeim í té á ári hverju eins margar bækur og svaraði árstillagi þeirra og helzt nokkru fleiri. Þessu er komið í framkvæmd árið 1853, og hefur það haldizt síðan.

(Mynd)

Opna úr Skírni 1837.

Frá upphafi hefur Bókmenntafélagið látið prenta greinargerð um starfsemi sína, reikninga og félagatal. Upphaflega voru skýrslur þessar birtar í Sagnablöðunum, en síðan í Skírni, að undanteknum árunum 1858–1889, þegar þær voru gefnar út sérstaklega.



Myndin er af opnu úr Skírni 1837, sem sýnir hluta af félagatali Bókmenntafélagsins. Stúdentar og ungir háskólamenn eru þarna marg-ir, þ.ám. Fjölnismenn allir, enda settu slíkir lærdómsmenn mjög svip á Kaupmannahafnardeildina.

Reykjavíkurdeildin bar hins vegar á þessum tíma meiri svip ráð-settra embættismanna og bænda, enda má segja að slíks mætti vænta, þegar Þjóðfélagsaðstæður eru hafðar í huga. Annars hafa félagsmenn Bókmenntafélagsins jafnan verið úr flestum eða öllum þeim stéttum, sem Þjóðfélagið hafa skipað á hverjum tíma.

Meðal erlendra heiðursfélaga má sjá Jakob og Vilhjálmm Grimm, hina frægu þýzku Þjóðsagnasafnara og orðabókarhöfunda.

Undir stjórn Jóns Sigurðssonar hefur félagið útgáfu stórra safnrita. Þessi rit eru: **Safn til sögu Íslands og íslenzkra bókmennta 1853 – Íslenzkt fornbréfasafn 1857 – Biskupa sögur 1858–1878, Skýrslur um landshagi á Íslandi og Tíðindi um stjórnar-málefni Íslands 1853–1875**. Koma tvö þessara rita út enn í dag, Safn til sögu Íslands, að vísu nýr flokkur, og Íslenzkt fornbréfasafn. Enda þótt Jón Sigurðsson væri ekki frum-kvöðull að útgáfu hinna tveggja síðastnefndu ritsafna, átti hann drýgstan þátt í að hrinda þeim af stað, m.a. vann hann sjálfur að mörgum þessum útgáfum. Hjá dönsku stjórninni fékk hann ríflegan styrk til þess að gefa út Skýrslur um landshagi og Tíðindi um stjórnar-málefni Íslands. Urðu því rit þessi ekki teljandi byrði fyrir félagið, en ekki verður sagt, að útgáfa þeirra hafi mælt vel fyrir, og kvörtuðu margir. Raunar var Jóni þetta ljóst, enda brýndi hann það oft fyrir mönnum, að þau væru óumflýjanleg nauðsyn íslenzku þjóðinni, til þess að hún gæti haft greinilega hugmynd um ástand sitt, en það væri grundvallarskil-yrði allra framfara. Þau væru og forsenda þess, að þeir, sem við landsmál fengjust, gætu haft eftirlit með gerðum stjórnarinnar. Reynslan hefði hins vegar sýnt, að þau kæmust ekki út og sízt af öllu að staðaldri, nema Bókmenntafélagið gengist fyrir því, enda vildi stjórnin ekki taka að sér þessa útgáfu.

Þann tíma komu bækur út úr bókmentafélagi Íslendinga ... Skírnir, eða tíðindi, komu hvert ár; voru þá margir námsmenn Íslendinga í bókmentafélaginu, með mörgum höfðingjum íslenzkum ok útlenzkum, ok innlendum í Danmörku.

Jón Espólín Íslands Árbækur XII. deild, bls. 186 (um árið 1832).

Fyrsta hefti Tíðinda um stjórnarmálefni Íslands kom út árið 1853, og hélt útgáfan áfram til 1875, en árið 1874 hafði landsstjórnin tekið við með því að hefja útgáfu Stjórn-artíðinda, sem enn koma út. Varð ritsafn þetta þrjú bindi.

Skýrslur um landshagi á Íslandi byrjuðu einnig að koma út 1853 og hélt útgáfan áfram til ársins 1875, en síðar voru Landshagsskýrslur gefnar út sem hluti Stjórnartíðinda, unz Hagstofa Íslands tók til starfa og hóf að gefa út Hagskýrslur Íslands, svo sem enn er gert. Bókmenntafélagið ruddi þannig brautina í því að birta lög landsins og hagskýrslur.

Auk þessara safnrita komu út ýmsar aðrar bækur á vegum Hafnardeildar Bókmenntafélagsins í stjórnartíð Jóns Sigurðssonar. Þar má m.a. nefna **Eðlisfræði** eftir Fisch-er í þýðingu Magnúsar Grímssonar (1852),



Odysseifs-kvæði Hómers í þýðingu Svein-bjarnar Egilssonar (1854), **Fiskibók** Jóns Sigurðssonar (1859) og **Varningsbók** (1860), **Sálmásöngsbók** Péturs Guðjohnsens (1861), **Minningarrit Bókmenntafélagsins** (1867), svo og rit Jóns Thoroddsens, – **kvæði** hans (1871) og skáldsöguna **Mann og konu** (1876).

(Mynd)

Safn til sögu Íslands og íslenzkra bókmennta. I. flokkur.

Á fundi í Kaupmannahafnardeild Bókmenntafélagsins 20. september 1851 bar Gísli Brynjúlfsson, síðar prófessor í íslenzkri sögu og bókmenntum við Kaupmannahafnarháskóla, fram tillögu um, að félagið gæfi út árlega tímarit, sem hefði það hlutverk að birta ritgerðir og skjöl, er lúta að sögu landsins og bókmenntum.

Til þessarar tillögu á rót sína að rekja ritsafnið Safn til sögu Íslands og íslenzkra bókmennta.

Kom 1. hefti þess út árið 1853, en síðan hefur safnið komið út eftir hent-ugleikum. Á tímabilinu 1853–1939 komu út 6 þykk bindi. En árið 1952 var haf-in útgáfa á nýjum flokki.

Af ritgerðum, sem birzt hafa, skulu nefndar: Biskupa tal á Íslandi eftir Jón Sigurðsson, Biskupa-annálar Jóns Egilssonar, Um tímatal í Íslendinga sög-um í fornöld eftir Guðbrand Vigfússon, Ritgjörð Jóns Gizurarsonar um siða-skipta tímuna, Lögsögumannatal og lögmanna á Íslandi eftir Jón Sigurðsson, Varnarrit Guðbrands biskups á Hólum, Hirðstjóra annáll Jóns prófasts Hall-dórssonar, Skúli landfógeti Magnússon og Ísland um hans daga eftir Jón Jóns-son, Um Sturlungu eftir Björn M. Ólsen, Skýrslur um skaptárgosin eftir Jón Steingrímsson o.fl., Skýrslur um Kötlugos, Skýrslur um Mývatnselda 1724–1729, Um skattbændatal 1311 og manntal á Íslandi fram að þeim tíma eftir Björn Magnússon Ólsen, Ferðir, siglingar og samgöngur milli Íslands og ann-arra landa á dögum þjóðveldisins eftir Boga Th. Melsted, Sólarljóð, gefin út með skýringum og athugasemdum af Birni M. Ólsen. Þegar Reykjavík var 14 vetra eftir Jón Helgason, Dómkirkjan á Hólum eftir Guðbrand Jónsson, Vín-landsferðirnar eftir Matthías Þórðarson, Um Íslendinga sögu Sturlu Þórðar-sonar eftir Pétur Sigurðsson og Um Íslendingasögur, Kaflar úr háskólafyrir-lestrum eftir Björn M. Ólsen.

(Mynd)

Íslenzkt fornbréfasafn – Diplomatarium Islandicum 1–15 ásamt Bréfa-bók Guðbrands Þorlákssonar og því, sem út er komið af 16. bindi.

Þann 23. ágúst 1854 bar Jón Pétursson yfirdómari fram á fundi í Reykjavíkurdeild Bókmenntafélagsins tillögu þess efnis, að hafin yrði útgáfa á íslenzku fornbréfasafni. Var tillagan samþykkt í báðum deild-um, en Jón Sigurðsson hratt verkinu af stað bæði með því að útvega fjárstyrk frá stjórninni og leggja fram handrit I. heftis. Kom það út 1857, og með því var útgáfa 1. bindis fornbréfasafnsins hafin. Útgefendur hafa verið þessir:

1. Jón Sigurðsson 1. bindi.
2. Jón Þorkelsson dr. phil. 2.–11. bindi.
3. Páll Eggert Ólason dr. phil. 11.–15. bindi.
4. Björn Þorsteinsson cand. mag. 16. bindi.

Upphaflega gaf Kaupmannahafnardeild félagsins fornbréfasafnið út, en árið 1899 var útgáfan flutt til Reykjavíkur, og þar hefur síðan út-gáfustaður þess verið.

Oft og einatt hefur verið kvartað yfir því, að útgáfa fornbréfasafnsins gangi seint, og er það



sízt að ástæðulausu. Þó má benda á, að slíkar heimildaútgáfur taka ævinlega mjög langan tíma. Árið 1847 hófu Norðmenn útgáfu á norska fornbréfasafninu – Diplomatarium Norveg-icum. Ekki er þeirri útgáfu enn lokið. Þjóðverjar hófu árið 1817 útgáfu á Monumenta Germaniae Historica, sem að sumu leyti er hliðstæð forn-bréfasafninu, og ekki er þeirri útgáfu lokið enn.

Reykjavíkurdeldin var afkastaminni, enda runnu tekjurnar að langmestu leyti til Hafnardeildar, en þó jókst bókagerð hennar. Af ritum, sem hún gaf út á þessum tíma, má nefna **Ilíons kvæði** Hómers í þýðingu Benedikts Gröndals (1856), **Íslenzkar réttitunar-reglur** eftir Halldór Kr. Friðriksson (1859), **Mannkynssögu** Páls Melsteds í 4 bindum, sem byrjað var að gefa út 1864 og lauk 1887, **Tölvísi** eftir Björn Gunnlaugsson (1865), **Um siðbótina á Íslandi** eftir Þorkel Bjarnason (1878) og **Um eðli og heilbrigði mann-legs líkama** eftir Jónas Jónassen landlækni (1879). Ennfremur má nefna tímaritið **Fréttir frá Íslandi**, sem deildin byrjaði að gefa út 1873.

(Mynd)

Félagsbréf Jóns Sigurðssonar

Lengi fékk hver félagsmaður bréf um það, að hann væri félagi, og hér getur að líta félagsbréf Jóns Sigurðssonar forseta, dagsett 27. nóvember 1835. Þorgeir Guðmundsson yfirkennari, forseti félagsins, undirritar það ásamt Brynjólfi Péturssyni, ritara félagsins.

Jafnframt bókaútgáfunni lagði Jón Sigurðsson mikla áherzlu á að safna handritum til handritasafns Hafnardeildarinnar og varð þar mikið ágengt, en nánar verður gerð grein fyrir handritasafni Bókmenntafélagsins í sérstökum kafla.

Alla forsetatið Jóns Sigurðssonar starfaði Bókmenntafélagið í tveimur deildum, eins og áður hefur verið minnt á, og almennt mun sú skipan hafa verið talin sjálfsögð. En eftir dauða hans gerðust þær raddir háværari en áður, að flytja bæri Hafnardeildina til Íslands.

(Mynd)

Félagsbréf Jóns Sigurðssonar

Lengi fékk hver félagsmaður bréf um það, að hann væri félagi, og hér getur að líta félagsbréf Jóns Sigurðssonar forseta, dagsett 27. nóvember 1835. Þorgeir Guðmundsson yfirkennari, forseti félagsins, undirritar það ásamt Brynjólfi Péturssyni, ritara félagsins.

Sá bóndi mundi harðla ófróður þykja um sinn eigin hag, og lítill búmaður, sem ekki vissi tölu hjúa sinna eða heimilisfólks, eða kynni tölu á hversu mart hann ætti gángandi fjár. En svo má og hver sá þykja harðla ófróður um landsins hag, sem ekki þekkir nákvæmlega fólkstölu á land-inu, eða skipting hennar, eða tölu gánganda fjár, eða sérhverja grein í at-vinnu landsmanna. Í fám orðum að segja, sá



sem ekki þekkir ásigkomulag landsins, eða sem vér köllum hagfræði þess, í öllum greinum sem glöggvast og nákvæmlegast, hann getur ekki með neinni greind talað um landsins gagn og nauðsynjar; hann veit ekkert, nema af ágizkun, hvort landinu fer fram eða aftur; hann getur ekki dæmt um neinar uppástungur annara í hinum merkilegustu málum, né stungið sjálfur uppá neinu, nema eptir ágizkun; hann getur ekki dæmt um neinar afleiðingar viðburðanna, sem snerta landsins hag, nema eptir ágizkun ...

Í öllum löndum, þar sem nokkur mentan er, taka menn sér fyrir hendur að safna skýrslum um hagfræði landanna. Þar sem enginn má eða vill hugsa um almenna landshagi, nema stjórnin ein, þar elur hún önn fyr-ir að safna skýrslunum; þar sem þjóðleg mentan er almenn, og menn af þjóðinni eru kallaðir til aðgjörða um allsherjar málefni, þar er ekki að eins safnað skýrslum þessum, heldur er varið mikilli ástundan og miklu fé til þess, að þær verði sem fullkomnastar, sem aðgengilegastar alþýðu, og sem kunnugastar meðal þjóðarinnar.

Það var fyr á öld, meðan þjóðfrelsi var á Íslandi, að menn gáfu gaum að þessu. Gizur biskup í Skálholti lét telja alla bændur á Íslandi, þá er þingfararkaupi áttu að gegna (um 1100); þessi hagfræðisskýrsla er elzt á landi voru, að því er oss er nú kunnugt, og hefir hún verið auglýst, því Ari prestur hinn fróði hefir tekið aðaltölur hennar í rit sitt Íslendingabók.

Jón Sigurðsson. Úr formála I. bindis Skýrslna um landshagi á Íslandi, sem Bókmenntafélagið gaf út 1853–1875. Þessi útgáfa naut og takmarkaðra vinsælda félagsmanna og þurfti því eins og Tíðindin um stjórnamálefni Íslands réttlætningar við.

ÞRIÐJA tímabilið tekur yfir árin 1879–1911.

Þegar hér var komið sögu, hafði Reykjavík vaxið verulega. Þar voru nú búsettir ýmsir fræði- og lærdómsmenn, og menntastofnanir höfðu risið upp eða vísar að þeim, samgöngur höfðu batnað við aðra landshluta og prentsmiðjur verið settar á fót. Var nú auðveldara en áður að fá bækur prentaðar á Íslandi og dreifing þeirra um landið ekki sömu vandkvæðum bundin og áður.

Upphaflegar ástæður fyrir deildaskiptingu voru nú ekki ótvírætt fyrir hendi. Ýmsir komust á þá skoðun, að menntalífi þjóðarinnar yrði það til nokkurs framdráttar, ef Bókmenntafélagið yrði algerlega innlent.

Þessar ástæður ollu því, að skömmu eftir dauða Jóns Sigurðssonar hófst barátta fyrir því að flytja Hafnardeildina heim. Árið 1883 samþykkti Reykjavíkurdeildin eftir til-lögu Gests Pálssonar skálds, að deildin í Höfn skyldi lögð niður. Fyrirsvarsmenn Hafnar-deildar risu öndverðir gegn þessari tillögu og spratt af deila milli deildanna, sem stóð í 6 ár. Lyktaði henni þannig að við deildaskiptingu var ekki hróflað.

Stóð nú þessi skipan óhöggud, unz málinu var hreyft að nýju árið 1906 og voru nú sakir þannig, að ágreiningur stóð ekki milli deildanna, heldur innan Hafnardeildar. Lauk málinu þó svo, að sættir tókust um það, að deildirnar skyldu sameinaðar í eitt félag með heimili í Reykjavík, en að auki voru gerðar ýmsar breytingar á skipulagi félagsins í þá veru að takmarka vald funda, en auka vald stjórnar og gera hana fastari í sessi. Voru þessi nýju lög samþykkt í Reykjavíkurdeild 8. júlí 1911 og í Hafnardeild 31. október sama ár. Að þessu loknu voru eignir Hafnardeildar allar fluttar heim og komið fyrir í aðsetursstað félagsins á lofti Dómkirkjunnar í Reykjavík. Vorið 1912 var í fyrsta sinn kosin ein stjórn fyrir félagið samkvæmt hinum nýju lögum og tók hún formlega við á aðalfundi félagsins 17. júní 1912.

Í stað Hafnardeildar Bókmenntafélagsins var stofnað **Hið íslenska fræðafélag** í Kaupmannahöfn, sem enn starfar og gefið hefur út margar merkar bækur. Má þar m.a. nefna **Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns** og **Safn Fræðafélagsins um Ís-land og Íslendinga**, sem m.a. hefur að geyma ævisögur og bréfasöfn ýmissa merkra Ís-lendinga, svo og ýmsar ritgerðir í bókmennta- og menningarsögu. Ennfremur





má nefna nokkur rit Þorvalds Thoroddsens, svo sem **Árferði á Íslandi** og **Ferðabókina**.

Um útgáfustarfsemi gerist Reykjavíkurdeildin á þessu tímaskeiði miklu athafna-meiri en áður, og má segja, að efling hennar sé eitt helzta einkenni þessa tímabils.

Árið 1880 hóf Reykjavíkurdeild að frumkvæði Gríms Thomsens skálds útgáfu á **Tímariti Hins íslenska bókmenntafélags**, og kom það út til ársins 1904. Árið 1890 tók deildin við útgáfu **Skírnis**, og hefur hann síðan verið gefinn út í Reykjavík. Ekki varð nein breyting á hlutverki Skírnis við flutninginn til Íslands. Hann hélt áfram að flytja fréttir, en við hinar erlendu fréttir var aukið sérstökum bálki, fréttum frá Íslandi. Um leið var hætt útgáfu tímaritsins Fréttir frá Íslandi, sem áður sagði frá.

Hélt Skírnir þessu sniði til ársins 1903, en 1904 var ákveðið að sameina hann Tímariti Bókmenntafélagsins, sem áður var nefnt. Var hann um leið gerður að ársfjórð-ungsríti um almenn efni. Stóð sú skipan til ársins 1921, að hann varð ársrit að nýju. Síð-ustu áratugi má segja, að Skírnir hafi sérhæft nokkuð við íslenska bókmennta- og menn-ingarsögu, og eru viðfangsefni hans enn í dag einkum á því sviði.

Þá tók Reykjavíkurdeild við útgáfu Íslensks fornbréfasafns 1899, og hefur það síðan verið gefið út í Reykjavík (frá 2. hefti 5. bindis).

Af öðrum ritum, sem Reykjavíkurdeildin gaf út á þessum árum eða hóf útgáfu á, má nefna **Sýslumannaæfir** Boga Benediktssonar, sem Jón Pétursson yfirdómari og síðar Hannes Þorsteinsson þjóðskjalavörður sáu um útgáfu á, og kom fyrsta heftið út 1881, en ekki lauk verkinu að fullu fyrr en 1932 og var þá 5 þykk bindi, þar af eitt ítarleg nafna-skrá um verkið allt.

Eitt af því, sem hefir aukið frægð hinna fornu Íslendinga fram eptir öldum, er sú þekking á lögum og landstjórn, sem hefir verið þar almenn frá alda öðli í fornöld. Þessu lýsa Íslands fornu lög og dómar lengi frameptir, meðan lög og lof voru í höndum landsmanna sjálfra. Út-lendir ferðamenn, sem voru á Íslandi meðan Jónsbók var í fullu gildi, hafa getið þess, til dæmis um almenna lagamenntun meðal alþýðu á landi voru, að hver lögréttumaður gekk með lögbók sína undir hendi sér til lögréttu, og sýndi þar með að hann hafði bæði þekking á lögum lands síns, og líka greind á að þýða þau þegar til þurfti að taka. Þetta sýnir einnig hinn mikli fjöldi af afskriptum lögbóka, eins og þau hin miklu söfn af dómabókum, og ymsar ritgjörðir um lagaþýðingar, sem hafa verið til, og eru enn til í handritum eptir ýmsa lögfróða menn, jafn-vel af bændastétt, frá hinum fyrri tímum.

Eptir að hin dönsku lög fóru að komast inn, og ryðja hinum ís-lenzku úr sæti, drógst lagamentunin smásaman úr höndum bænda, og varð eiginleg eign lagamannanna. En allir þeir hinir helztu af lagamönnum vorum hafa þó fundið, hversu mikils var í mist, þegar laga-þekkingin ekki hafði rót meðal alþýðu manna, að hún varð þar með köld og dauð, svo að sjálf lögin urðu þar fyrir stirð, ógeðfeld og ávaxtarlaus. Þeir hafa þessvegna allir leitast við eptir megni, að rita fræðibækur til leiðbeiningar í þessum efnum. Eigi að síður hefir þessi viðleitni ekki getað borið fullkominn ávöxt, bæði af því, að fræðibækur þessar hafa ekki verið nógu yfirgripsmiklar, og af því, að blendingur danskra og ís-lenzkra laga hefir stundum verið svo mikill, að sjálfir hinir lögfróðustu menn hafa verið í vafa um, eða eru jafnvel enn, hver lög væri gild á Íslandi; og þar á ofan bætist, að lög og stjórnarbréf voru rituð á dönsku, og sumt hvergi auglýst á prenti, og þessvegna ókunnugt öllum, enda háyfirvöldunum sjálfum.

Hið íslenska Bókmentafélag hafði frá upphafi tekið eptir því, hversu nauðsynleg Íslendingum var þekking á lögum og landstjórn, og það hafði því ætlað sér að reyna að bæta úr þessari þörf, en sá styrkur, sem landar vorir veittu félaginu, hrökk hvergi nærri til að framkvæma þenna ásetning til hlítar og hlaut hann því að standa á baki ymsu öðru, sem hægra var að koma til leiðar.





Jón Sigurðsson. Úr formála 1. bindis Tíðinda um stjórnarmál-efni Íslands, sem Bókmenntafélagið gaf út 1853–75. Hann er hér að réttlæta þessa útgáfu, sem mæltist misjafnlega fyrir meðal félagsmanna.

Enn má nefna ýmis rit, sem minni eru að fyrirferð, svo sem **Upphaf allsherjar-ríkis á Íslandi** eftir Konrad Maurer (1882), Shakespeareþýðingar séra Matthíasar Joch-umssonar og **Bréf Jóns Sigurðssonar** (1911). Geta má þess einnig, að Reykjavíkurdæld-in hóf útgáfu á **Landfræðissögu Íslands** eftir Þorvald Thoroddsen 1892, en Kaupmanna-hafnardeildin lauk verkinu, sem varð 4 bindi.

Frá Hafnardeild félagsins komu fjölmörg rit á þessu tímabili, og er ekki gerlegt að telja upp hér nema fáein. Árið 1880 kom út **Auðfræði** séra Arnljóts Ólafssonar í Sauða-nesi, sem er eitt fyrsta rit á íslenzku er boðar ákveðnar hagfræðikenningar. Þá má nefna útgáfur af kvæðum Jónasar Hallgrímssonar, Bjarna Thorarensens og séra Stefáns Ólafs-sonar í Vallanesi. Árið 1887 hóf félagið útgáfu á þjóðfræðasafninu **Íslenzkar gátur**,

(Myndir)

Dómkirkjan í Reykjavík, eins og hún leit út fyrir 1847.
Málverk Jóns Helgasonar biskups.

Dómkirkjan í Reykjavík eftir breytingu 1847.

Frá stofnun 1816 hafði Reykjavíkurdæld Bókmenntafélagsins geymslu undir forlagsbækur sínar og önnur gögn á lofti Dómkirkjunnar í Reykjavík og jafnan síðan til 1963. Síðan hefur félagið verið á hrak-hólum og eru bækur þess og önnur gögn nú geymd víðs vegar um borgina, svo sem í kjallara Háskólabíós og húsi Brunabótafélags Íslands, Laugavegi 103. Nýtur félagið þar velvildar háskólayfirvalda og ráðamanna Bruna-bótafélagsins.

Augljóst er þó, að þessi skipan mála er ekki til frambúðar og er eitt brýnasta viðfangsefni, sem við blasir, að afla félaginu samastaðar til var-anlegrar frambúðar.

(Mynd)

Íslandsuppdráttur Björns Gunnlaugssonar, sem Bókmenntafélagið gaf út 1849 (minni gerðin).

skemmtanir, vikivakar og þulur, sem Jón Árnason og Ólafur Davíðsson önnuðust, en þetta safn skyldi vera eins konar framhald af þjóðsögum og ævintýrum Jóns Árnasonar. Lauk útgáfunni 1903, og er hún í 4 bindum.

Á þessu tímabili hóf Hafnardeild félagsins allumfangsmikla útgáfu á ritum um náttúru Íslands. Má þar nefna rit Þorvalds Thoroddsens, **Jarðskjálftar á Suðurlandi** (1899), **Landskjálftar á Íslandi** (1899, 1905)





og **Lýsing Íslands** í 4 bindum, en útgáfa hennar hófst 1908 og lauk 1922. **Flóru Íslands** eftir Stefán Stefánsson gaf félagið út 1901 og **Grasafræði I–II** (Bygging og líf plantna) eftir Helga Jónsson 1906–1907.

Af sagnfræðiritum má nefna **Fornaldarsögu** eftir Hallgrím Melsted (1900) og **Ís-lendingasögu** Boga Th. Melsteds, sem byrjaði að koma út 1903, en lauk 1930 og var í 3 bindum. Loks má hér telja **Bókmenntasögu Íslendinga** fram undir siðbót eftir Finn Jónsson (1904–1905) og **Ævisögu Jóns Ólafssonar Indíafara** eftir sjálfan hann í útgáfu Sig-fúsar Blöndals (1908–1909).

FJÓRÐA tímabilið miðast við árin 1911–1969.

Þá er deildir félagsins höfðu verið sameinaðar 1911–1912, má segja, að félagið hafi verið komið í þær skorður, sem það er enn í, og starfssvið þess ákvarðað.

Hin eldri ritsöfn, **Íslenzkt fornbréfasafn** og **Safn til sögu Íslands**, hafa haldið áfram að koma út, en þó hefur útgáfan hvorki verið regluleg né með þeim hraða, sem æskilegur má teljast. **Skírnir** hefur á hinn bóginn komið út hvert ár, þó að stundum hafi orðið á nokkur seinkun.

Af nýjum ritum, sem félagið hefur ráðizt í að gefa út á þessu tímabili, eru tvö veigamest: **Annálar 1400–1800**, en útgáfa þeirra hófst 1922 og er ekki enn að fullu lokið, og **Íslenzkar æviskrár I–V** eftir Pál E. Ólason með viðbæti eftir séra Jón Guðnason, sem komu út á árunum 1948–1952.

Ýmis önnur rit mætti nefna, svo sem **Minningarrit aldarafmælis Bókmenntafélagsins**, eftir Pál E. Ólason og Björn M. Ólsen (1916), **Bréfabók Guðbrands biskups Þorlákssonar** (1919–1942), ævisögur séra **Jóns Halldórssonar í Hítardal** (1939) og sonarsonar hans **Hannesar Finnssonar Skálholtsbiskups** (1936) eftir Jón Helgason biskup, rit Einars Arnórssonar hæstaréttardómara um **Ara fróða** (1942), rit Sigurjóns Jónssonar læknis um **Sjúkdóma og sóttarfar á Íslandi 1400–1800** (1944), ævisögu **Jóns Sigurðssonar** forseta (Jón Sigurðsson, foringinn mikli) eftir Pál E. Ólason (1945–1946), **Ferðabók Tómasar Sæmundssonar** í útgáfu Jakobs Benediktssonar (1947), **Gerðir Landnámabókar** eftir Jón Jóhannesson prófessor (1941), **Upphaf leikritunar á Íslandi** eftir Steingrím J. Þorsteinsson prófessor (1943), **Um íslenzkar þjóðsögur** (1940), **Á Njálsbúð** (1943) og **Ritunartími Íslendingasagna** (1965), allar eftir Einar Ól. Sveinsson prófessor, og **Ævisögu Baldvins Einarssonar** eftir Nönnu Ólafsdóttur (1961).

Skylt er að geta þess, að áður nefnd rit Jóns Helgasonar biskups voru gefin út í samvinnu við forlag Ísafoldar.

Þetta yfirlit er ekki tæmandi og álitamál er að sjálfsögðu, hver rit nefna skuli og hver ekki. Þó má vænta, að það gefi sæmilega hugmynd um viðfangsefni síðustu áratuga.

Ef litið er yfir útgáfustarfsemina frá upphafi er tvennt augljóst: Hún hefur verulega dregizt saman síðustu áratugi frá því sem var á blómaskeiði félagsins og jafnframt sérhæft við íslenzka bókmennta- og menningarsögu. Hvort tveggja er íhugunarefni, sem nánar verður vikið að síðar.

Ekki verður svo skilizt við þennan þátt í sögu Bókmenntafélagsins, að látið sé hjá líða að geta tveggja öndvegisrita, sem félagið stuðlaði nokkuð að útgáfu á, þótt aðrir yrðu útgefendur. Þessi rit eru **Íslenzkar þjóðsögur og ævintýri I–II**, sem Jón Árnason safnaði og út komu í Leipzig 1862–1864, og **Íslenzk þjóðlög** eftir séra Bjarna Þorsteinsson í Siglufirði, sem kom út á árunum 1906–1909.





ÞÆÐ, sem nú hefur verið rakið, hefur einkum lotið að bókaútgáfu, enda er Bók-menntafélagið samkvæmt tilgangi sínum útgáfufélag. Þrátt fyrir það hefur öðrum verkefnum verið sinnt, en sú starfsemi hefur reyndar í flestum tilvikum að einhverju leyti verið tengd bókaútgáfu. Verður hér vikið að henni fáeinum orðum.

ÁTÍMABILINU 1776–1820 voru stendur Íslands mældar og gerðir af þeim uppdrættir. Voru þeir prentaðir ásamt lýsingu allra strandanna. En þótt margt væri vel um verk þetta og það kæmi í góðar þarfir, skorti enn sem fyrr allar mælingar, þegar frá sjó dró. Ekki urðu neinar framkvæmdir í þessum efnunum á vegum stjórnvalda, þrátt fyrir óskir þar að lútandi.

Á fundi í Reykjavíkurdeild Bókmenntafélagsins 15. febrúar 1831 var ályktað, að félagið skyldi verja nokkru af árstekjum sínum til þess að fá Ísland mælt og sett á landa-bréf, og samþykkti Kaupmannahafnardeild þessa tillögu. Tókst Björn Gunnlaugsson stærðfræðingur verkið á hendur, en hann var raunar upphafsmaður þessa fyrirtækis. Vann hann að mælingum hvert sumar árin 1831–1843, að árinu 1836 einu undanskildu.

Þótt stjórnvöld hefðu hér ekki frumkvæði, styrktu þau Bókmenntafélagið fjárhags-lega til þessara framkvæmda, og einnig naut það styrks danska Vísindafélagsins. Fyrsti fjórðungur landsins var albúinn til prentunar árið 1840 og 1846 sá síðasti. Voru kortin gefin út í 4 blöðum 1844–1848, og hljóðar titill þeirra svo: Uppdráttur Íslands gjörðr að fyrirsögn Ólafs Nikolas Ólsens eptir landmælingum Bjarnar Gunnlaugssonar, er styðjast við þríhyrningamál og strandmælingar þær, sem hið konúngliga Rentukammer hefir látið gjöra og reiknað hefir Hans Jakob Schell, gefinn út af Enu Íslenzka Bókmentafélagi. Reykjavík og Kaupmannahöfn 1844. Grafið hefir F.C. Holm.

Árið 1849 kom út minni gerð þessa uppdráttar.

Eru landmælingar Björns Gunnlaugssonar meðal merkustu afreka í menningar-sögu þjóðarinnar, enda eignuðust Íslendingar nú í fyrsta sinn nokkurn veginn réttan upp-drátt af landinu.

NÁSKYLT landsuppdrættinum má telja annað fyrirtæki, sem félagið réðst í að frum-kvæði Jónasar Hallgrímssonar skálds.

Á fundi í Kaupmannahafnardeild félagsins 25. ágúst 1838 bar hann fram tillögu um „að kjósa nefnd manna og fela henni á hendur að safna öllum fánlegum skýrslum, fornum og nýjum, er lýsi Íslandi eða einstökum héruðum þess, og undirbúa svo til prent-unar nýja og nákvæma lýsingu á Íslandi, er síðan verði prentuð út af fyrir sig á félagsins kostnað.“ Eftir nokkra athugun málsins var ákveðið að hrinda verkinu af stað og nefnd kosin til framkvæmda.

Var haganlegast talið að senda bréf til allra presta og sýslumanna landsins og fara þess á leit, að þeir sendu félaginu lýsingar hver á sinni sókn eða sýslu. Lét Kaupmanna-hafnardeild félagsins prenta tvö bréf frá undirbúningsnefndinni dags. 30. apríl 1839. Fylgdu bréfinu til prestanna spurningar í 70 liðum, en bréfinu til sýslumannanna spurningar í 12 liðum. Brugðust prestar og sýslumenn vel við málaleitan félagsins, og söfnuð-ust lýsingar frá flestum þeirra næstu árin.

(Mynd)

Handritin af sóknar- og sýslulýsingum þeim, sem Bókmenntafélagið réðst í að safna að frumkvæði Jónasar Hallgrímssonar skálds. Þau eru varðveitt í handritasafni Hins íslenzka bókmenntafélags í





Landsbóka-safni.

Upphaf og niðurlag boðsbréfs þess, er sent var til presta á Íslandi um að semja sóknarlýsingar til undirbúnings almennri lýsingu landsins, er svohljóðandi:

„Það er harla áriðandi hvörri þjóð, að þekkja til hlýtar land það sem hún býr í, og ástand sjálfrar sín í öllu tilliti en það getur hún því að eins, að rétt og greinileg lýsing á landinu og þjóðinni hafi verið samin og sett á bækur, er síðan komi í almennings hendur. Vér Íslendingar höfum ekki hingað til eignast neitt þesskonar rit um land vort og sjálfa oss, því það sem ritað hefir verið í þessari grein, er víða á dreif í bókum og bréfasöfn-um, og mundi ekki heldur hrökkva mikið til nákvæmrar lýsingar á land-inu og þjóðinni, þótt það væri allt komið á einn stað. ...

Af þessu yfirliti sjáid þér félag vort ætlast til að bók þessi verði býsna yfirgripsmikil. Það er nú að miklu leiti komið undir góðvild yðar og ann-arra, sem vér höfum orðið að mæða með fyrirspurnum vorum, hvört hún getur á sínum tíma orðið svo af hendi leyst, að hún verði félagi voru og fósturjörðu til gagns og sóma, og öllum, innlendum sem útlendum Íslands vinum til nytsamlegs fróðleiks og skemtunar.

Í umboði hins íslenska bókmentafélags deildar Kaupmannahöfn þann 30ta d. Apríl-mán. 1839
Finnur Magnússon. Jónas Hallgrímsson Konráð Gjísason. Brynjólfur Pjetursson. Jón Sigurðsson.“

Í nánnum tengslum við Íslandslýsinguna gekkst Jónas Hallgrímsson fyrir því, að safnað yrði veðurbókum frá ýmsum stöðum um land allt. Var boðsbréf um þetta efni ásamt sýnishorni veðurbókar gefið út 20. marz 1841, sent prestum landsins og nokkrum öðrum. Nú vantaði hins vegar tæki til að annast veðurathuganir. Var Vísindafélaginu danska, er þá annaðist veðurathuganir víðs vegar í Danmörku, skýrt frá fyrirætlan Bók-menntafélagsins. Brást það vel við um stuðning og sendi félaginu 45 hitamæla handa þeim, er vildu taka að sér að halda veðurbækur. Flestir brugðust vel við, en nokkrir mið-ur, og bárust félaginu margar veðurbækur árlega. Félagið gaf öllum Skírni, er veðurbækur sendu. Veðurbækur þessar eru nú varðveittar í handritasafni Bókmenntafélagsins í Lands-bókasafni.

Til að semja Íslandslýsinguna var Jónas Hallgrímsson sjálfkjörinn. Var hann frumkvöðull verksins, náttúrufræðingur að lærdómi og hafði ferðazt um mestallt landið. Bauð Kaupmannahafnardeild Bókmenntafélagsins árið 1842 honum styrk til að vinna að verkinu, og þekktist hann boðið. Vann hann að þessu, þangað til hann lézt árið 1845. Eftir andlát hans var enginn til að taka við verkinu, og eru öll gögn, sem til undirbúnings voru notuð, nú varðveitt í handritasafni félagsins í Landsbókasafni.

Enda þótt svo illa færi, að aldrei tækist að ljúka verkinu, er hér um stórmerkt safn að ræða, sem margir hafa stuðzt við, bæði í staðalýsingum, svo sem Kálund í hinni sögu-legu Íslandslýsingu, sem út kom árin 1877–1882 (Bidrag til en historisk topografisk Be-skrivelse af Island), og í þjóðsagnafræðum, en þar má nefna Jón Árnason, Ólaf Davíðsson og Jón Þorkelsson. Loks má geta þess, að danska herforingjaráðið hafði jafnan, er það hóf landmælingu Íslands, sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins til hliðsjónar við mælingarnar. Þá má þess að lokum geta, að nokkrar af sóknarlýsingunum hafa verið gefnar út, en ærið misjafnar eru þær útgáfur þó að gæðum.

BÓKMENNTAFÉLAGIÐ átti þátt í stofnun Landsbókasafns Íslands, eða Stiftisbóka-safnsins eins og það var lengi kallað. Á fundi í Kaupmannahafnardeild félagsins 30. marz 1818 bar Carl Christian Rafn upp tillögu þess efnis, að nefnd yrði kosin til að hugleiða, hversu hentugast yrði að stofna bókasafn á Íslandi. Var Reykjavíkurdeild ritað erindi þar að lútandi, en hún sneri máli sínu til stiftsyfirvalda, þannig að hafizt var handa um undirbúning. Skömmu áður, eða 28. ágúst 1817, hafði þýzkur maður, Friedrich





Schlichtegroll, aðalritari konunglegu vísindaakademíunnar í München, ritað nokkrum ís-lenzkum lærdómsmönnum og hvatt til þess, að stofnað yrði félag til styrktar íslenzku menntalífi. Gerði hann m.a. tilögur um bókasafn á Íslandi og bauðst til að útvega því bækur að gjöf frá Þýzkalandi. Urðu af þessu frekari bréfagerðir, og voru gögn málsins lögð fram á fundi í Kaupmannahafnardeild 26. febrúar 1819. Deildin þáði boðið með þökkum og svaraði, að hún tæki fúslega við bókum, er gefnar yrðu, og geymdi þær, þar til bókasafninu væri komið á fót. Söfnuðust með þessum hætti töluverðar bóka-gjafir til félagsins. Annaðist það geymslu bókana, sendingar á þeim og greiddi bókbænd. Styrkti félagið safnið, meðan það var að komast á fót. Sama gerði það og við Amtsbókasafnið á Akureyri og ýmis lestrarfélög víða um land.

Nú hin seinni ár hefur fyrir kostnaðar sakir tekið fyrir útgáfu flestra hinna veigameiri bóka. Bókaútgjafendur og blaðamenn í Reykjavík eru sem stendur nærri einráðir yfir íslenzkum bókmentum, og er að miklu leyti komið undir menningarstigi þeirra, hvaða gagn er að því, sem á prent kemst; alþýðan verður nauðug viljug að taka við því, sem að henni er rjett, og venst smátt og smátt á ljelegan smekk forkólfanna. Þegar ég var forseti Hafnardeildar Bókmentafjelagsins, stóð til að byrjað væri að prenta alþýðurit, en það fórst fyrir þegar deildin var flutt heim. Eins og allir vita er það ekki arðsöm atvinna að vera rithöf-undur, allra sízt á Íslandi. Engin vinna er jafnilla borguð hvað ljeleg sem hún er. Fyrir strangvísindaleg rit, hvað merkileg sem þau eru, eru erlendis vanalega engin ritlaun borguð því þess konar rit lesa og kaupa svo örfáir; þeim er flestum útbýtt gefins til annara vísindastofnana, er skiftast bókum á. Vísindamenn verða því að lifa af einhverju öðru en ritstörfum, annaðhvort af efnun sínum eða embættum. Á Íslandi hafa mentafjelögin vanalega í seinni tíð borgað 30 króna ritlaun fyrir örk án tillits til þess hvert efnið var; þeir sem ganga að einföldustu verkum mundu ekki gera sig ánægða með slík laun, sem eru 5–6 sinnum lægri en kaup óbreyttra verkmanna nú (1920). Vegna fjeleysis gengur mjög seint að prenta stórar bækur á íslenzku; það tók Bókmentafjelagið 35 ár að prenta 4 bindi af Sýslumannaæfum Boga Benediktssonar, og 13 ár að prenta landfræðissögu mína. Aftur var Ferðabók mín, sem líka er í 4 bindum, prentuð á rúmum 2 árum, en það kom af því að eg kostaði sjálfur útgáfuna að öllu leyti og kostaði hún 6000 kr., en eg gaf Fræða-fjelaginu mestalt upplagið. Hefði bókin beðið þangað til eftir stríðið, hefði engi kostur verið á að gefa hana út, með því að prentun og pappír hefur hækkað svo afskaplega. Árferði á Íslandi kostaði eg líka sjálfur og sumar ritgjörðir fleiri. Ritlaun þau, sem eg fjekk fyrir útlend ritstörf, hafa mestöll gengið til að prenta það sem eg gaf út á íslenzku.

Þorvaldur Thoroddsen. Minningabók II (1923), bls. 130–131

EKKI var Bókmenntafelaginu í öndverðu ætlað að eignast handrit í öðrum tilgangi en láta prenta þau. Þó fór svo, að því bárust allmörg handrit, sem ekki voru gefin út, án þess að sagt verði, að stjórnin hafi ástundað handritasöfnun. Af heimildum er þó ljóst, að snemma hefur stjórnin tekið að gefa þessu gaum og vakið athygli manna á því. Má þar minna á boðsbréfið til presta og prófafa frá 30. apríl 1839 um að semja sóknarlýsingar, sem áður var nefnt. Meðal spurninga, sem þar voru fram bornar, lutu tvær að fornum handritum.

Meðal merkra handrita, sem félagið eignaðist smám saman, má nefna handrit að Ferðabók Sveins Pálssonar í þremur bindum, sem Jónas Hallgrímsson útvegaði felaginu. Síðan keypti það m.a. dagbækur Sveins Pálssonar og veðurbækur. Ennfremur fékk Bók-menntafelagið séra Hákon Espólín, son Jóns Espólíns, til





Þess að gera eftirrit af ýmsum handritum föður hans og galt séra Hákonni laun fyrir.

Verulega tekur félagið fyrst að leggja sig eftir að safna handritum, þegar Jón Sig-urðsson er orðinn forseti þess. Í boðsbréfi, er Bókmenntafélagið gaf út 17. marz 1854 um þetta efni, sagði m.a., að það tæki fegins hendi móti alls konar handritum, fornum og nýj-um, sem menn kynnu að vilja senda því, svo sem til að mynda annálum, ættartölubókum, kvæðum, rímum, bréfum, dómabókum, máldögum o.s.frv.

Árið 1827 átti félagið 19 bindi handrita, en árið 1852 eru handritin orðin 37. Skýrsla um handritasafn Bókmenntafélagsins var gefin út 1869, og var þá safnið orðið 771 bindi, að meðtöldum handritum Reykjavíkurdeildar. Er ekki vafi, að Jón Sigurðsson á mestan þátt í þessum vexti.

Enn óx handritasafnið hröðum skrefum og árið 1885 kom út önnur skýrsla, – var safnið þá orðið um 1600 bindi. Einkum var það Kaupmannahafnardeildin, sem aflaði handritanna, en einnig eignaðist Reykjavíkurdeild smám saman allmerkt safn. Handritin voru flest þegin að gjöf, og drýgstan skerf einstakra manna lagði Jón Borgfirðingur, en hann gaf félaginu rúm 300 bindi.

Um handritasafn Bókmenntafélagsins má í stuttu máli segja, að það geymi mörg merk handrit um náttúru landsins, sögu þjóðarinnar og bókmenntir á síðari öldum. Eru til skrár um handritasafn félagsins, þar sem má fá rækilega vitneskju um það. Félagið gaf sjálft út slíka skrá árið 1869 og aðra árið 1885, svo sem áður er getið. En nákvæmari grein er gerð fyrir því í skrá um handritasöfn Landsbókasafnsins, sem Páll E. Ólason hef-ur samið (sjá sérstaklega II. bindi, bls. 715. o.áfr. og III. bindi, bls. 1–256).

Síðla á 19. öld komu fram þær raddir, að félag eins og Bókmenntafélagið hefði ekkert við handritasafn að gera og væri jafnvel hættulegt slíku safni að vera í fórum þess, þar sem ekki væri kostur á góðu húsrými og að auki skipti einatt um stjórn og bókaverði félagsins. Þá var einnig svo komið, að Reykjavíkurdeildin hafði stofnað til nokkurra skulda. Af þessum ástæðum var samþykkt á fundi Reykjavíkurdeildar félagsins 18. marz 1895, að Landsbókasafni skyldi boðið handritasafn félagsins til kaups og sama var gert í Kaupmannahafnardeild 19. apríl s.á.

Var gengið frá kaupunum árið 1901 og greiðslu hagað þannig, að félaginu voru greiddar kr. 1000,00 á ári í 22 ár. Síðan hefur handritasafn Hins íslenska bókmenntafélags verið deild í Landsbókasafni við hlið handritasafns Jóns Sigurðssonar. Eru nú öllum heimil afnot þess eftir sömu reglum og þar gilda annars um notkun handrita.

BÓKMENNTAFÉLAGIÐ á rót sína að rekja til hugarstefna, sem ofarlega voru á baugi í lok 18. og upphafi 19. aldar, upplýsingarstefnunnar og rómantísku stefnunnar. Það er beinn arftaki Hins íslenska lærdómslistafélags og tók við hlutverki Hins íslenska landsuppfræðingarfélags, er það leið undir lok.

Þegar Bókmenntafélagið var stofnað árið 1816, voru skammt undan þeir tímar, er Íslendingum hafa vafalítið orðið þyngstir í skauti, frá því að land byggðist. Þjóðin hafði um langt skeið verið ofurseld kúgun og áþján, hún hafði þá nýlega orðið að þola náttúru-hamfarir, sem áttu sér naumast fordæmi, og sóttarfar, er gengið hafði frá landsfólkinu nær aldauda. Engum þarf að koma á óvart, þótt áföllum þessum fylgdi sú gagngera breyting í íslenzku þjóðfélagi, að afteknar voru þær stjórnar-, trúar- og menningarstofnanir, sem voru nær jafngamlar þjóðinni: Skálholtsstóll og skóli árið 1785, Alþingi árið 1800 og Hólastóll og skóli 1801.

En sá arfur hefur Íslendingum einna dýrastur orðið, að engin vesaldar- eða fátækt-aröld hefur megnað að vinna fullkomlega bug á viðleitni þeirra til þess að mega heita menningarþjóð, þótt stundum hafi við legið. Í öllu öngþveiti þessara hrakfallatíma var þrátt fyrir allt verið að leggja grundvöll að Íslandi nútímans. Hið forna íslenska þjóðfélag, sem staðið hafði lítt breytt næstum frá upphafi, var að kveðja, en nýtt að rísa upp. Í stað Alþingis hins forna að Þingvöllum kom Landsyferréttur í Reykjavík og stofnun hans hafði í för



með sér stórfellda umbót á réttarfari í landinu; í stað hinna fornu biskupsstóla kom nýr biskupsstóll í Reykjavík; í stað stólsskólanna fornu kom skóli að Hólavöllum í Reykjavík, sem síðar var fluttur að Besastöðum og loks til Reykjavíkur. Hér var því komið á gagngerðri nýskipan. En þrátt fyrir hana áttu stofnanir þessar sér rætur langt aft-ur í aldir. Þær tengja saman hið forna og nýja.

(Mynd)

Tímarit, sem Bókmenntafélagið hefur gefið út.

Efst til vinstri eru Íslenzk sagnablöð (opin), sem félagið gaf út á ár-unum 1817–1826. Síðan kemur Tímarit Hins íslenzka bókmenntafélags, sem kom út 1880–1904, en næstu tvær bækur eru tímaritið Fréttir frá Íslandi, sem félagið gaf út 1871–1890.

Í neðri röðunum tveimur getur að líta Skírni 1827–1968. Er 1. ár-gangur 1827 opinn.

Eins og sjá má hefur brot hans verið tvenns konar frá upphafi. Minna brotið er frá árunum 1827–1854, og kallast sá hluti Skírnis á máli bókamanna „Litli Skírnir“. Árið 1855 fékk Skírnir það brot, sem hann hefur síðan haft. Er það oft notað til viðmiðunar og kallað „Skírnisbrot“. Á máli bókamanna kallast Skírnir frá 1855–1903 „Mið-Skírn-ir“.

Í neðstu röð á myndinni er Skírnir frá 1905, þ.e. eftir að hann var sameinaður Tímaritinu og hætti að vera eingöngu fréttatímarit, og er sá hluti kallaður „Nýi Skírnir“.

Titilblað Skírnis ber með sér, að hann er framhald Tímaritsins, því að fullt heiti hans er Skírnir – Tímarit Hins íslenzka bókmenntafélags.

Árið 1966 kom út hjá Bókmenntafélaginu nákvæm skrá um efni í öllum tímaritum, sem félagið hefur gefið út, og tók Einar Sigurðsson bókavörður hana saman.

RITSTJÓRAR SKÍRNIS

Árg. Ár

1	1827	Finnur Magnússon.
2–3	1828–29	Þórður Jónassen.
4	1830	Baldvin Einarsson.
5–9	1831–35	Þórður Jónassen.
10	1836	Konráð Gíslason og Jónas Hallgrímsson.
11	1837	Jón Sigurðsson og Magnús Hákonarson.
12	1838	Magnús Hákonarson.
13–15	1839–41	Brynjólfur Pétursson.
16	1842	Jón Pétursson.
17	1843	Brynjólfur Pétursson.
18–19	1844–45	Gunnlaugur Þórðarson.
20	1846	Grímur Thomsen.
21	1847	Gunnlaugur Þórðarson.
22	1848	Gísli Magnússon og Halldór Friðriksson.

- 23–25 1849–52 Gunnlaugur Þórðarson.
 26 1852 Jón Guðmundsson.
 27 1853 Arnljótur Ólafsson og Sveinn Skúlason.
 28 1854 Sveinn Skúlason.
 29–34 1855–60 Arnljótur Ólafsson.
 35–36 1861–62 Guðbrandur Vigfússon.
 37–46 1863–72 Eiríkur Jónsson.
 47–48 1873–74 Björn Jónsson.
 49 1875 Eiríkur Jónsson.
 50 1876 Guðmundur Þorláksson.
 51–61 1877–87 Eiríkur Jónsson.
 62–65 1888–91 Jón Stefánsson.
 66 1892 Jón Stefánsson og Einar H. Kvaran.
 67 1893 Ólafur Davíðsson og Einar H. Kvaran.
 68–69 1894–95 Einar H. Kvaran.
 70–76 1896–02 Jón Ólafsson.
 77 1903 Þorsteinn Gíslason.
 78 1904 Kom ekki út.
 79–81 1905–07 Guðmundur Finnbogason.
 82–83 1908–09 Einar H. Kvaran.
 84–86 1910–12 Björn Bjarnason.
 87–94 1913–20 Guðmundur Finnbogason.
 95–103 1921–29 Árni Pálsson.
 104 1930 Einar Arnórsson.
 105–06 1931–32 Árni Pálsson.
 107–17 1933–43 Guðmundur Finnbogason.
 118–27 1944–53 Einar Ól. Sveinsson.
 128–41 1954–67 Halldór Halldórsson.
 142– 1968– Ólafur Jónsson.

En síðan gerast þeir atburðir hver af öðrum, sem sérstaklega marka áfanga í end-urreisn Íslands. Minna má á nokkra þá helztu: Hið íslenska bókmenntafélag er stofnað 1816, Landsbókasafn 1818, Ármann á Alþingi hefur göngu sína 1829, Fjölnir 1835, Ný félagsrit 1841, Alþingi er endurreist 1843, Latínuskólinn fluttur frá Bessastöðum til Reykjavíkur og um leið endurskipulagður 1846, Prestaskóli – fyrsti vísir Háskólans – stofnaður 1847, Þjóðminjasafn stofnað 1863. Úr þessu fer þeim stofnunum fjölgandi, sem sett hafa eða setja nú svip á Ísland.

Þau nýmæli, sem hér er stofnað til í ýmsum greinum, gefa nokkra hugmynd um, hvernig Ísland tekur að rétta við á sviði mennta, menningar og stjórnarfars fyrri hluta 19. aldar.

En hver er hlutur Bókmenntafélagsins í þessari þróun? Sjálfsagt er ekki unnt að fullyrða neitt, sem óyggjandi telst heldur einungis að tína til nokkrar staðreyndir, sem vís-bendingu mega veita. Af yfirlitinu hér að



framan er fyrst ljóst, að Bókmenntafélagið er elzt þeirra nýju stofnana, sem endurreisn Íslands á 19. öld er tengd, – elzta stofnun þess Íslands, sem grundvöllur var lagður að upp úr aldamótum 1800, – Íslands nútímans. Bók-menntafélagið gegnir þannig augljóslega hlutverki brautryðjandans.

Fyrr var að því vikið, hversu óvænlega hefði horft um íslenzkt þjóðerni og ís-lenzkar menntir um þær mundir sem Bókmenntafélagið var stofnað. Áhugi manna hefði eingöngu að heita má beint að fornum fræðum, og svo virzt sem jafnvel Íslendingar sjálfir væru farnir að líta á tungu sína sem eitt hinna dauðu klassísku tungumála. Þetta brautryðjendastarf Bókmenntafélagsins var öðru fremur fólgið í því að gerbreyta viðhorfi manna til íslenzkrar tungu og bókmennta síðari alda. Grundvallarstefna þess var að reisa við þjóðlegt mennta- og menningarlíf í landinu sjálfu undir forystu Íslendinga – eða manna, er fullkomlega væru mælandi á íslenzka tungu, þannig að íslenzk þjóðmenning yrði virkt afl í lífsbaráttu þjóðarinnar. Með þessu var mörkuð sú stefna, sem Íslendingar hafa síðan fylgt, þótt vandalaust sé að benda á ýmislegt, sem úrskaiðis hefur farið um framkvæmd hennar.

Í þessu samhengi ber sérstaklega að geta hlutdeildar Bókmenntafélagsins í eflingu Reykjavíkur sem íslenzks höfuðstaðar.

Þegar rætt var um það, hvar heyja skyldi endurreist Alþingi, lýsti Jón Sigurðsson fyrir þjóðinni gildi höfuðstaðar. Hann sagði: „Eg get ekki skilið, hvernig Ísland geti kom-izt á nokkurn varanlegan velgengnis fót, né Íslendingar þolað, eða haft gagn af til lengdar að njóta þjóðarréttinda, án þess að á landinu sjálfu sé innlendur stofn (eður Centrum), bæði í stjórn, lærdómi, mentum og handiðnum; en til þess þarf að vera einhver sá aðal-staður, að öll framför landsins og mentan, sú er sambýður þessari öld og hverri enna komandi, megi safnast á, og útbreiðast þaðan og viðhaldast á Íslandi“. (Ný Félagsrit I. árg. bls. 126).

Þegar þessi orð voru rituð, hafði Reykjavík allt frá því að þorp hafði þar fyrst myndast verið „dansk óræsti og mótsnúin öllu þjóðerni Íslendinga“. Eitt mikilvægasta viðfangsefnið í endurreisnarstarfi 19. aldar er því að skapa íslenzkan höfuðstað.

Menn hafa stundum sagt, að það væri undarlegt, að Íslendingar væri almennt svo bókfróðir menn, en þar á móti mjög fáfróðir í verklegum efnum. Þetta er því miður alltof satt, en það er líka eðlilegt, eptir því sem ástand lands vors og stjórnarmedferð hefir verið um lánngan aldur, sem vér höfum ekki haft bolmagn til að vinna bót á. En vér þurfum ekki þar-fyrir að iðrast eptir, þó vér höfum verið bókmenta vinir. Það eru bók-mentir vorar, sem hafa gjört, að

**andinn lifir æ hinn sami,
þótt afl og þroska nauðir lami,**

eins og skáldið sagði, og ef vér höldum fast við þenna grundvöll, þá mun-um vér smásaman verða færir um að taka oss fram í allri verklegri at-höfn, eptir því sem landi voru og þjóð vex þrek og kraptar, því mentanin er hin bezta undirstaða allrar framfarar.

Jón Sigurðsson. Úr ræðu á 50 ára afmæli Bókmenntafélagsins 1866. (Minningarrit 1867, bls. 55–56).

Að Hólavallaskóla undanteknum er Bókmenntafélagið fyrsta menningarstofnun, sem ákveðinn er staður í Reykjavík. Með því má segja að markað sé fyrsta varanlega sporið til þess að gera Reykjavík að íslenzkri höfuðborg. Á þetta var lögð sérstök áherzla í elztu lögum félagsins, þar sem svo var ákveðið, að Reykjavíkurdeild skyldi vera **aðal-deild** þess og að heldur skyldi prenta og binda bækur á Íslandi en í Höfn, ef





Það gæti orð-ið félaginu að skaðlausu. Sýnir það glögglega hvert stefnt var, enda þótt framkvæmd yrði önnur lengi framan af vegna óviðráðanlegra aðstæðna. Hér að framan hefur því hins veg-ar verið lýst, hvernig Bókmenntafélagið flytur smám saman starfsemi sína til Reykjavíkur og upphafleg ætlan stofnenda þess verður að veruleika. Nú er Bókmenntafélagið sú menningarstofnun sem lengstan aldur hefur átt aðsetur í Reykjavík.

En hvernig hefur Bókmenntafélaginu tekizt þetta ætlunarverk sitt að efla þjóðlegt menntalíf á Íslandi?

Dómar manna um það yrðu fráleitt á einn veg, en engar dulur skulu þó á það dregnar, að oft hefur félagið sætt harðri gagnrýni. Hún hefur einkum lotið að tvennu: Mönnum hefur fundizt félagið aðgerðarm-inna en þeir vildu kjósa og geðjazt misvel að út-gáfubókum þess. Um gagnrýni á félagið mætti rita langt mál. Vafalaust kæmi í ljós, að hún væri í mörgum greinum réttmæt, en engan veginn öllum. Var rangt á sínum tíma að gefa út Árbækur Espólíns? Var rangt að gefa út Landshagsskýrslur eða Tíðindi um stjórn-armálefni Íslands? Útgáfa allra þessara ritsafna sætti gagnrýni jafnvel mætustu og dóm-bærustu manna svo sem sjá má af ummælum séra Árna Helgasonar og dr. Hallgríms Schevings um Árbækurnar, og um tvö hin síðarnefndu eru nægir vitnisburðir þess efnis, að þau hafi átt litlum vinsældum að fagna meðal alþýðu manna.

FORSETAR HINS ÍSLENZKA BÓKMENNTAFÉLAGS



REYKJAVÍKURDEILD

Árni Helgason stiftsprófastur 1816–1848.

Pétur Pétursson prófessor, síðar biskup 1848–1868.

Jón Þorkelsson rektor 1868–1877.

Magnús Stephensen yfirdómari, síðar landshöfðingi, 1877–1884.

Jón Þorkelsson (2) 1884.

Björn Jónsson ritstjóri 1884–1894.

Björn M. Ólsen rektor 1894–1900.

Eiríkur Briem prófessor 1900–1904.

Kristján Jónsson dómstjóri 1904–1909.

Björn M. Ólsen (2) 1909–1912.

KAUPMANNAHAFNARDEILD

Rasmus Kristján Rask prófessor 1816.

Bjarni Þorsteinsson fulltrúi, síðar amtmaður, 1816–1819.

Finnur Magnússon prófessor, 1819–1820.

Bjarni Þorsteinsson (2) 1820–1821.

Finnur Magnússon (2) 1821–1827.

Rasmus Kristján Rask (2) 1827–1831.

Þorgeir Guðmundsson yfir-kennari, síðar prestur, 1831–1839.

Finnur Magnússon (3) 1839–1847.

Brynjólfur Pétursson stjórnar-deildarforseti 1848–1851.

Jón Sigurðsson alþingismaður 1851–1879.

Sigurður L. Jónasson skrifari 1880–1885.

Ólafur Halldórsson skrifstofu-stjóri 1885–1904.

Valtýr Guðmundsson dósent 1904–1905.

Þorvaldur Thoroddsen prófessor 1905–1911.

EFTIR SAMEININGU DEILDA

Björn M. Ólsen (3) 1912–1918.

Jón Þorkelsson þjóðskjalavörður 1918–1924.

Guðmundur Finnbogason lands-bókavörður 1924–1943.

Matthías Þórðarson þjóðminja-vörður 1943–1961.

Einar Ól. Sveinsson prófessor 1961–1967.

Sigurður Líndal hæstaréttar-ritari 1967–.

(Mynd af Brynjólfi Péturssyni er ekki til).

(Undir myndum):

Rasmus Kristján Rask	Árni Helgason	Bjarni Þorsteinsson
Finnur Magnússon	Þorgeir Guðmundsson	Pétur Pétursson
Jón Sigurðsson	Jón Þorkelsson	Magnús Stephensen
Sigurður L. Jónasson	Björn Jónsson	Ólafur Halldórsson
Björn Magnússon Ólsen	Eiríkur Briem	Kristján Jónsson
Valtýr Guðmundsson	Þorvaldur Thoroddsen	Jón Þorkelsson
Guðmundur Finnbogason	Matthías Þórðarson	Einar Ól. Sveinsson

Í niðurlagsorðum Minningarrits Bókmenntafélagsins 1916 dregur Björn M. Ólsen saman í stuttu máli, hverjar hafi verið athafnir félagsins. Hann segir:

„Það hefur gefið út rit í ýmsum fræðigreinum, í heimspeki, guðfræði, fjelagsfræði, hagfræði, lögfræði, stjórnfæði, málfræði, náttúruvísindum, læknisfræði, búskaparrit, fiskveiðarit, skáldskaparrit og sögurit. Nafn þess er og bundið við mæling landsins og uppdrátt þess. En sjerstaklega hefir það lagt rækt við sögu landsins, tungu þess og bók-menntir, og þannig hefir það ómælt stutt að þjóðlegu innlendu menntalífi jafnhliða því að veita andlegum straumum inn í hin alvarlegri viðfangsefni mannsandans.“

Í öllum þessum greinum hefur félagið lagt nokkuð af mörkum, í sumum mjög mikið og í enn öðrum unnið fullkomið brautryðjendastarf. Þrátt fyrir alla gagnrýni – rétt-mæta og óréttmæta – mun vafalítið óhætt að taka undir þau orð Jóns Aðils prófessors, „að það hefur unnið meir í þarfir þjóðlegra fræða og þjóðlegrar menningar á Íslandi en nokk-urt annað félag fyr eða síðar“. (Íslenzkt þjóðerni, bls. 214–215).

Ekkert félag eða stofnun getur lifað á fornri frægð einvörðungu. Því verður þess-ari frásögn ekki lokið, svo að viðhlítandi sé, nema fjallað sé í fáum orðum um það, hvaða hlutverki það eigi að gegna nú og um ókomin ár.

Þegar félagið var stofnað, var íslenzkt þjóðfélag snautt að menntastofnunum. Að heita má öll starfsemi, sem þar á sér heimkynni, fór fram í Kaupmannahöfn. Fábreytni þjóðfélagsins olli því og að félagið hlaut að sinna fjölda verkefna, sem ríkisstofnanir hafa smám saman tekið við. Áður hefur verið sagt frá brautryðjendastarfi félagsins við land-mælingu Íslands og útgáfu landsuppdratta, við veðurathuganir, útgáfu laga og hag-skýrslna svo að hið helzta sé nefnt. Nú hefur verið komið á fót ríkisstofnunum eins og Land-mælingum Íslands, Veðurstofu Íslands, dómsmálaráðuneyti og Hagstofu Íslands, sem sinna þessum verkefnum. Eru því engar líkur til þess, að þau muni nokkru sinni framar hverfa til félagsins.

Útgáfa sögulegra heimilda, sem verið hefur fyrirferðarmikið viðfangsefni, færir og æ meira til stofnana, sem kostaðar eru af almannafé, og annarri bókaútgáfu sinna nú margir, þ.á m. bókafélög miklu öflugri en Bókmenntafélagið. Þessi þróun hefur valdið því, að það skipar nú ekki lengur þann sess sem á 19. öld eins og vikið var að í upphafi. Er því ekki að ófyrirsynju, þótt spurt sé, hvaða hlutverki félagið hafi nú að gegna



– hvort það hafi yfirleitt nokkurt hlutverk lengur.

Um framtíðarhlutverk Bókmenntafélagsins mætti rita margt, en verður þó ekki gert hér. Veldur því einkum tvennt: enn sem komið er hefur engan veginn verið nægilega fastmarkað, hvaða verkefnum félagið ætti öðrum fremur að sinna og hætt er við að teygj-ast vildi um of úr þeim texta, þar sem gerð væru viðunandi skil, því er til álita kæmi.

Í núgildandi lögum Bókmenntafélagsins er hlutverki þess lýst með svofelldum orðum: „Það er tilgangur fjelagsins, að styðja og styrkja íslenzka tungu og bókvísi, og menntun og heiður hinnar íslenzku þjóðar, bæði með bókum og öðru, eftir því, sem efni þess fremst leyfa“. (1. gr.) og síðan segir: „Fjelagið skal í ljós leiða rit þau, er samin hafa verið á íslenzku og landinu sje sómi að, einkum þegar höfundar þeirra eru dánir, og hætt-ast er við, að þau muni týnast. Engu síður skal fjelagið ala önn fyrir, að skráðar verði bækur og prentaðar, er þarflegar virðast almenningi, og enn fremur efla vísindi Íslendinga á allan hátt, sem það bezt getur.“

Nú hefur því oft verið lýst, hversu blómleg bókaútgáfa sé á Íslandi, svo að fljótt á litið mætti ætla, að eigi þyrfti við atbeina Bókmenntafélagsins. Um bókaútgáfu á Íslandi er þó mála sannast, að umsvif hennar miðast fremur við magn og fyrirferð en hinu síður gaumur gefinn, hversu fábreytileg hún er og að miklum hluta lítils varðandi.

Hér er þess að sjálfsögðu enginn kostur að gera neina viðhlítandi úttekt á bókaút-gáfu Íslendinga, enda naumast þörf. Hver sá, sem kominn er til vits og ára, veit, að bækur skortir um flest efni á Íslandi, ekki einungis í þeim greinum, sem taldar eru til þjóðlegs menningararfs, heldur öllum greinum nútímaþekkingar.

Í boðsbréfinu frá 27. febrúar 1815 sagði Rask, að margt og mikið vantaði að skrá-setja á íslenzku. Nú 154 árum síðar eru þessi orð í fullu gildi. Þótt ýmislegt hafi áunnizt, verður að hafa í huga, hversu þarfirnar hafa aukizt á öllum sviðum þekkingar. Rask benti einnig á hættuna, sem fylgdi bókaskorti þessum: Þeir, sem vildu öðlast hlutdeild í þekkingu nútímans, yrðu að notfæra sér rit annarra þjóða, með því vendust þeir við erlent mál og týndu niður íslenzku. Hinir, sem miður læsu útlendar tungur, væru útilokaðir frá slíkri þekkingu og hætta á að þjóðin skiptist og sundraðist, er hluti hennar tæki upp tungu og síðan síði annarra þjóða. Þá væri og útgert um framfarir hennar í andlegum efnun.

Hér er vikið að ýmsum grundvallaratriðum, sem sérstaklega ber að hafa í huga, þegar meta á framtíðarhorfur íslenzkrar menningar. Er þetta ekki minna íhugunarefni nú en þá er það var ritað, sérstaklega þegar haft er í huga, að þjóðin verður enn í dag að miklu leyti að notast við erlendan bókakost, auk þess sem yfir hana flæðir útlent mál og oft framandlegur hugsunarháttur í öllum tegundum nútíma fjölmiðla. Í útgáfu bóka er því ærið verk að vinna: að fylla í þær mörgu og tilfinnanlegu eyður, sem eru í bókmenntum Íslendinga.

Því miður er útgáfa margra þeirra rita, sem mest þörf er á, vandkvæðum bundin vegna kostnaðar. Vönduð bók er dýr í útgáfu, en þarf engan veginn að vera söluvara að sama skapi. Má hér vísa til ummæla Þorvalds Thoroddsens, sem tilfærð eru á öðrum stað. Jafnvel þótt vönduð rit og veigamikil seljist, er sú reynsla gömul, að þau ganga hægt út og kostnaður við gerð þeirra skilar sér seint. Þessi staðreynd stendur útgáfu mikilsverðra bóka mjög fyrir þrifum ekki einungis á Íslandi, heldur í mörgum miklu fjölbyggðari lönd-um.

Nú kæmi sú lausn fullkomlega til álita, að ríkið styrkti eða tæki að sér slíka bóka-útgáfu og er það engan veginn óþekkt, hvorki hér á landi né annars staðar, enda oft eina úrræðið. Trauðla verður þó talið æskilegt, að öll slík útgáfa verði á ríkisins vegum. Ef mjög langt er gengið á þeirri braut, getur slíkt jafnvel stofnað andlegu frelsi í háska. En fleira veldur því, að varhug ber að gjalda við slíkri þróun: Mönnum er ekki alls-





kostar hollt að fá neitt of fyrirhafnarlítið, – það slævir áhuga og framtakssemi. Þegar bækur eiga í hlut, er hætta á, að það bitni á útbreiðslu þeirra. Auk alls þessa er ekki hollt, að ákvörð-unarvald um bókaútgáfu sé einungis í höndum fárra útvalinna.

Frjáls samtök manna um bókaútgáfu og einkaaðiljar, sem ekki þurfa að miða að-gerðir sínar við ágóðann einan, hljóta því að gegna mikilvægu hlutverki um ókominn tíma. Það málefni er því engan veginn lítils varðandi, hvernig bezt verði að þeim hlúð. Ekki þarf neinu að vera spilt, þótt slíkir aðiljar njóti einhvers styrks af almannafé, en aldrei má þó ganga svo langt, að þau eigi tilveru sína undir slíkum stuðningi.

Þegar haft er í huga, hversu fjölmennir þeir eru hér á landi, sem telja sig vera for-mælendur einstaklings-frelsis og andstæðingar ríkisíhlutunar úr hófi, má það furðu gegna, hversu fáar og vanmegna allar óháðar menningarstofnanir eru hér á landi. Enginn einstak-lingur hérlendis hefur komið á fót nokkurri umtals-verðri stofnun, sem styður menntir og vísindi, né heldur styrkt slíka stofnun, svo að verulega muni.

Í öðrum löndum er hins vegar til fjöldi dæma um slíkt. Eru sumar þess háttar stofnanir sjálfstæðar, en aðrar í tengslum við háskóla eða vísinda- og fræðafélög. Á blómaskeiði Bókmenntafélagsins naut það stuðnings ýmissa einstaklinga, m.a. urðu margir Danir til þess að styrkja það með fjárframlögum. Er varla hægt að verjast þeirri hugsun, að hugmyndir Íslendinga um frelsi séu fremur bundnar við svigrúm til fjár-öflunar í eigin þágu og einkaeyðslu en framvindu vísinda og mennta. Áhugi þeirra Íslendinga, sem eitthvað hafa lagt af mörkum til almannaheilla, hefur undantekningarlítið beinzt að fátækraframbærslu í einhverri mynd, trúmála- eða líknarstarfi – en ekki að stuðningi við menningarmálefni.

Íslendingar standa nú á tímamótum í menningarsögu sinni og er ekki auðséð, hvernig bregðast eigi við mörgum vanda, sem þar ber að höndum. Augljóst er þó, að þar er eitt meginviðfangsefnið að efla vandaða bókaútgáfu.

Áður var vikið að því, að sú þróun hefði orðið í stefnu Bókmenntafélagsins síð-ustu áratugi að einskorða starfsemi þess við það, sem kallað hefur verið þjóðleg íslensk fræði, og er þá sérstaklega átt við sögu þjóðarinnar, tungu og bókmenntir. Þessar greinar hljóta áfram að verða meginviðfangsefni félagsins. En eins og þessi fræði hafa löngum verið ástunduð á Íslandi, eru þau tvímælalaust of einhæf undirstaða innlends menntalífs. Er og mála sannast, að engin glögg skil verða mörkuð milli Íslands og útlanda í þessum efnum. Félagið verður því að varast að einhæfa sig um of við þau, enda var upphafleg stefna þess önnur. Það viðfangsefni verður ekki minna um vert að færa erlenda reynslu og hugsun í íslenskan búning. Á þann veg einn fær íslensk menning þá fyllingu, sem óhjá-kvæmileg er, til þess að hún verði hlutgeng í heimi nútímans. Sérhæfing þessarar aldar veldur því hins vegar, að augljóst má telja, að félagið mun ekki láta sig varða öll þau við-fangsefni, sem það hafði með höndum fyrrum, án þess að hér verði nákvæmlega skil-greint, hvaða völl það mun hasla sér. Hitt er og augljóst, að hvað sem félagið mun takast á hendur, verður jafnan tekið mið af íslenskum menningararfðum. Sérstaklega mun það rækja þau svið bókmennta, sem enn hefur ekki verið gefinn gaumur sem skyldi.

Skal nú þessari greinargerð um Hið íslenska bókmenntafélag lokið með þeirri áskorun til allra Íslendinga, sem einhvers meta sögulegar stofnanir þjóðarinnar og láta sér annt um þjóðerni sitt og andlegt sjálfstæði, að styðja vöxt og viðgang Bókmenntafélags-ins. Efni manna og önnur aðstaða til slíks er þó ærið misjöfn, en eitt geta örugglega flestir gert – gengið í félagið og gerst þar virkir félagsmenn. Þegar öllu er á botninn hvolt, er sá stuðningur ef til vill mestur.

Heimildarrit

Björn M. Ólsen. Rasmus Kristján Rask 1787–1887, fyrirlestur eftir B.M.Ó.; ásamt bréfum til og frá Rask og athugasemdum við fyrirlesturinn og bréfin eftir B.M.Ó. Tímarit Hins íslenska bókmenntafélags





IX 1888. Bls. 1–128.

Einar Sigurðsson. Skrá um efni í tímaritum Bókmenntafélagsins. Reykjavík 1966. Bls. 132–133 (undir flettiorðinu Bókmenntafélag, Hið íslenska). Stuðzt hefur verið við flestar þær ritgerðir, sem þar eru taldar.

Hið íslenska bókmenntafélag. Stofnan félagsins og athafnir um fyrstu fimmtíu ár-in 1816–1866. Kaupmannahöfn 1867.

Hið íslenska bókmenntafjelag 1816–1916. Minningarrit aldarafmælisins 15. ágúst 1916. Reykjavík 1916.

Jón Helgason (biskup). Árni stiftprófastur Helgason. Skírnir 101. árg. 1927. Bls. 1–48.

Jón Helgason (prófessor). Hrappseyjarprentsmiðja 1773–1794. Safn Fræðafélagsins um Ísland og Íslendinga VI. Kaupmannahöfn 1928.

Lúðvík Kristjánsson. Á slóðum Jóns Sigurðssonar, 1961. Bls. 17–28 (Bókmenntafélag fyrir lærða og leika).

Páll Eggert Ólason. Jón Sigurðsson I. Viðbúnaður. Reykjavík 1929. Bls. 187–217. (Jón Sigurðsson og bókmenntafélagið). Sama rit. III. Andþóf (1851–1859). Reykjavík 1931. Bls. 349–376. (Forstaða Jóns fyrir bókmenntafélagi þessi ár).

Þorkell Jóhannesson. Saga Íslendinga VII. Tímabilið 1770–1830 Upplýsingaröld. Reykjavík 1943. Bls. 408–434.

Þess skal getið, að stafsetningu heimildarritanna hefur verið haldið, en hins vegar engan veginn víst, að ávallt hafi tekizt að finna bezta textann.

THE ICELANDIC LITERARY SOCIETY

English Summary

1. The purpose of the present booklet is to give a brief account of the Icelandic Literary Society (Hið íslenska bókmenntafélag), which was founded in the year 1816 on the initiative of the Danish philologist, *Rasmus Christian Rask* (p. 5).

2. Although the Society was founded early in the nineteenth century, its beginnings can be traced to the eighteenth. The intellectual life of the Icelandic nation at that time was largely dominated by two factors: Lutheran orthodoxy on the one hand, and the pursuit of old Icelandic studies and poetry on the other. Politically most, if not all, the leaders of the nation were in favour of enlightened absolutism.

Among the new trends that were making themselves felt was the pietism movement, whose adherents placed great emphasis on education for the common people, especially reading, so that the general public would, for instance, understand and utilize books on religious affairs. The literacy of the nation improved enormously under these influences. At the same time, it should be noted that the policy of reason and enlightenment was widespread in Europe during this period. This to some extent replaced the Lutheran orthodoxy that had hitherto prevailed (pp. 5–9).

3. The policy of reason and enlightenment was accompanied by a big increase in book publication. In this



connexion, the printing-works established in the winter of 1772–1773 on Hrappsey island in western Iceland played an important part. Not long afterwards, Icelandic book publishing associations began to emerge, in particular the Society for the Advancement of Learning (Hið íslenska lærdómslistafélag) founded in 1779, and The Icelandic Society for National Enlightenment (Hið íslenska landsuppfræðingarfélag) founded in 1794. It was *Jón Eiríksson*, a senior official of the Danish cabinet, who was largely responsible for maintaining the activities of the Society for the Advancement of Learning, while *Magnús Stephensen*, Chief Justice of the High Court of Iceland, was the driving force behind the Society for National Enlightenment (pp. 9–13).

4. During the first decade of the 19th century economic conditions in Iceland were in a sorry plight, and intellectual life was in a state of semi-stagnation. The activities of the aforesaid Societies had declined, and the publication of books had almost ceased. Although there was some interest in the Icelandic language and literature, this was mostly concerned with the past: with old Icelandic and the ancient literature, rather than with the language and letters of the time.

In 1813 the Danish philologist, Rasmus Christian Rask, came to Iceland. He had made a detailed study of Icelandic, for which he had developed a great liking. He wanted to gain firsthand experience of the language – how it sounded from the lips of the people – and it was for this reason that he made the journey to Iceland. During his stay here he learned much. The language spoken by the ordinary people was still surprisingly pure, but it was being subjected to unhealthy influences from various quarters, in particular from the Danish business community and officialdom. The written language was rather corrupted, which was only natural, as there was no teaching of Icelandic then. Rask came to the conclusion that the Icelandic language was in great danger. It would not be long before it disappeared completely, if nothing were done to remedy the situation. He felt the need for strong action, believing that the most practical method would be to start a society for the advancement of Icelandic literature, the protection and preservation of the language, and the improvement of popular education. When he left Iceland late in 1815 he had achieved the foundation of such a society. On his way back to Denmark he visited Leith, Scotland, where he wrote a petition in English, dated 21st September 1815, asking for support in Britain (p. 58). Several persons there decided to give practical encouragement to the society. On arrival in Denmark, Rask also solicited support in that country, writing a petition for this purpose on New Year's Day, 1816 (p. 59). The response was rather favourable.

The society was finally established on 15th August, 1816, and was given the name of “*The Icelandic Literary Society*” (Hið íslenska bókmenntafélag). It was in two sections, one in Reykjavik and the other in Copenhagen. This arrangement continued until 1911, when the two sections were amalgamated.

Alle gotiske Folkefærd have for lang Tid begyndt omkaps med hinanden at samle og forklare deres Oldsager, for at bevare Mindet om Fædrenes Daad og Tidernes Afvexlinger, som er saa nøie forbundet med Nationalæren og saa væsentlig en Deel af Videnskabelighed overhoved. De Danske have heller ikke staaet tilbage i denne Henseende, men det er besynderligt, at man har overseet den herligste af disse hellige Levninger, og skjödesløst overladt dem til den Alt fortærende Tid. Den herligste Levning af alle gothiske Folks Oldsager bör man vel med Rette kalde det gamle Sprog, som tilforn var almindeligt over hele Norden, hvori Brage fordem for-tryllede Naturens Sön, Saga opflammede den unge Helt til Snildhed og ædel Daad, for at ligne Fædrene, og endnu i vort eget Skjöd Runestenene fortælle os om Gorm den Gamle og Thyre

Dannebod, hvoraf endelig vort nuværende Dansk er en Gjenlyd, lig en yndig datter af en alvorligere og fuldkomnere Moder. Denne gamle danske Tunge, uden hvilken vort nu-værende Sprog, vor gamle Gudelære, Oldsager, Historie, Love og andre literaire Mindesmærker vilde være os en evig tillukt Bog, lever endnu, tal-es endnu af en Deel af vore Medborgere, Islænderne ...

Ikke desmindre er Omgangen med Fremmede og Fattigdommen i Landet Skyld i, at baade Sprog og Literatur begynde at forlade; det synes derfor ikke uværdigt det danske Folk, at række Haanden til at vedlig-holde denne herlige Arv fra Oldfædrene, saa at den, der vil begrunde og skildre vore Fædres Oprindelse, Bedrifter, Mindesmærker, Tænkemaade og hele Liv, tillige bestandig kan forfinde deres Sprog levende ...

Jeg vover derfor tröstigen at anbefale mine Landsmænd et Selskab, som forenede sig paa Island forrige Aar, i den Hensigt at arbeide paa Sprogets og Literaturens Vedligeholdelse, samt nyttige Kundskabers Udbredelse og Forbedringers Indførelse, ved at udgive paa Islandsk nye Böger i alle-haande Videnskabs-grene. Dette Selskab anmodede mig om at skaffe Bi-drag fra Danmark; i Vinter have ogsaa de herværende Islændere efter min Indbydelse forenet sig til at udgjøre en egen Afdeling af samme Selskab;...

Kjöbenhavn, den 27de Marts 1816.

R. Rask

Extracts from Rask's Danish petition of 27th March 1816.

The Literary Society was to serve a similar purpose to that of the older societies, the Society for the Advancement of Learning and The Icelandic Society for National Enlightenment, i. e. to provide information and instruction. At the same time, every effort was made to avoid the rocks on which the earlier societies had foundered. The headquarters of the Society for the Advancement of Learning had been exclusively in Copenhagen, and many of its leading members were Danish. Because of this the Icelanders were considered not to have devoted sufficient attention to it. So it was decided that Icelanders should be in charge, the governing committee should be in Iceland, and nobody should be elected to office unless he were an Icelander or spoke Icelandic. The Society for National Enlightenment had placed too much emphasis on the international aspects of the Enlightenment and thus not acted in accordance with the national sentiments of the Icelanders. It was therefore agreed that the Literary Society should, in addition to providing general education and instruction, pay particular attention to the Icelandic national culture. Here it may be mentioned at the time of the Society's formation the effects of the romantic movement were acquiring increasing importance.

5. The activities of the Literary Society have been largely confined to the publication of written material. The first works to be published by the Society were the periodical *Ís-lenzk Sagnablöð*, which appeared between 1817 and 1826, and the *Sturlungasaga* (1817–1820), followed by the *Árbækur Espólíns* (Espólín Annals), dealing with a survey of Icelandic history from 1264 to 1832 (p. 22). *Íslenzk Sagnablöð* was, as stated above, published until 1826, but in the following year the periodical *Skírnir* was founded. This has been published without interruption ever since, and it is now the oldest publication of its kind in the Nordic countries. Nowadays, the material in it is chiefly confined to Icelandic literature and cultural history. The



editors of *Skírnir* are listed on page 45, while on page 44 there are illustrations of all the periodicals published by the Society.

Some other works for which the Literary Society has been responsible include: *Safn til sögu Íslands og íslenzkra bókmennta* (Collection of writings on Icelandic history and literature), 1853– (p. 28), *Diplomatarium Islandicum*, 1857– (p. 29), *Skýrslur um landshagi á Íslandi* (Icelandic Statistics), 1853–1875 and *Tíðindi um stjórnarmálefni Ís-lands* (Bulletin of Icelandic Government Administration), 1853–1875, *Tímarit Hins ís-lenzka bókmenntafélags* (Periodical of the Icelandic Literary Society) 1880–1904, many works by the geographer and geologist *Thorvaldur Thoroddsen*, the collection of folklore *Íslenzkar gátur, skemmtanir, vívívakar og þulur* (Icelandic riddles, games, ballads, rhymes and lays), and *Annálar* (Annals), 1400–1800. The Society also sponsored the publication of a collection of folk-tales by Jón Árnason: *Íslenzkar þjóðsögur og ævintýri*, as well as collections of folk-song by Bjarni Thorsteinsson: *Íslenzk þjóðlög* (pp. 20–36).

6. In addition to its publishing activity, the Literary Society participated in various other projects, especially in the 19th century. Between 1831 and 1843 the Society was responsible for obtaining financial support for the mathematician Björn Gunnlaugsson for the purpose of conducting a general survey of Iceland. It later published his maps, the larger ones being produced in four sheets in 1844–1848 and the smaller ones in 1849 (see illustration on p. 37). It was in this way that the Icelanders acquired for the first time a reasonably accurate survey of their country (p. 38).

Then in 1838 the Literary Society decided to arrange for a detailed description of Iceland, this being done under the direction of the poet and naturalist *Jónas Hallgrímsson*. He died in 1845, and the work was never completed. However, in the Society's manuscript collection in the National Library of Iceland are preserved the original manuscripts, which are of great historical importance (see illustration on p. 37). Parts of them have been published.

The Literary Society helped to found the National Library of Iceland by adopting a proposal to this effect in the Copenhagen section early in 1818, after which the Reykjavik section was responsible for the speedy implementation of the proposal. The Society later afforded the National Library much assistance and support during its early years, such as receiving books on its behalf, storing them, arranging for binding, dispatch, etc. (pp. 40–42).

During the nineteenth century many manuscripts came into the possession of the Society, and about the middle of that century it started to organize their systematic collection. This collection became very large, until in 1901 it was sold to the National Library of Iceland, where it now forms a separate department (pp. 42–43).

7. Since the formation of the Literary Society twenty-three men have held presidential office in it. It should be noted that there were always two presidents while the Society was divided into two sections, one in Copenhagen and the other in Reykjavik. The first presidents were *Rasmus Christian Rask* in Copenhagen and the Reverend *Árni Helgason* in Reykjavik. The most influential of all the Society's presidents was, however, undoubtedly *Jón Sigurdsson*, who at the same time was not only the champion of Iceland's struggle for national independence in the nineteenth century, but also a highly respected scholar of history and Icelandic literature. He held office from 1851 until his death in 1879, this being the most flourishing period in the history of the Society. On page 48 are the names of all the presidents of the Society. On the same and following pages are also pictures of them all, with the exception of Brynjólfur Pétursson (1848–



1851).

8. The foundation of the Icelandic Literary Society has been considered one of the great-est events in the history of Icelandic learning. It has already been stated that at the time of its formation the interest in Icelandic culture was directed exclusively to the past: the an-cient language and literature. There are various indications to the effect that even the Ice-landers themselves had begun to regard their language as one of the dead ones, such as Anglo-Saxon and Gothic. The establishment of the Literary Society marked, howe-ver, a complete change in the people's attitude to the Icelandic language and literature of recent centuries.

The basic policy of the Society was to recreate a national cultural life in Iceland, led by the Icelanders themselves, so that the Icelandic cultural heritage would be both a guiding light and a source of inspiration to the nation in its struggle for existence. This policy has been followed by Icelanders ever since, and it is largely for this reason that in just over a century Iceland has succeeded in transforming itself from a state of near desti-tution into a nation enjoying today one of the highest standards of living in the world.

Icelandic is one of the oldest living languages in the world. During the last thou-sand years it has changed so little that every reasonably intelligent Icelander can with ease read the ancient literature – the Sagas and the Eddas – in the original. As well as be-ing a vital force in Icelandic culture, it is one of the most important factors in the culture of the Nordic peoples as a whole.

Having regard to the fact that Icelandic is spoken by only just over 200,000 people, it is obvious that a conscious and determined effort is needed if it is to be pre-served in a world of rapid progress and con-stantly improving means of communication. As it was in the beginning, the purpose of the Icelandic Li-terary Society is still today to support and consolidate the Icelandic language, literature and learning, as well as the honour of the Icelandic nation.

By following this policy, the Society considers it is helping to preserve the Ice-landic national identity, which is the basis of the intellectual and economic advancement of the nation. At the same time, the Society believes it is making an import-ant contribu-tion to world culture by maintaining and handing on to poste-rity the oldest and most ven-erable cultural heritage of the Nordic peoples (pp. 43–55).

(Translated by Pétur Karlsson.)

For further information on individual works mentioned in this booklet see:

Cornell University Library. Catalogue of the Icelandic Collection Bequeathed by Willard Fiske compiled by Halldór Hermannsson. Cornell University Press. Ithaca, New York. (Originally published 1914, reissued 1960; Additions 1913–26 and 1927–42, Ithaca New York 1927 and 1943, reissued 1960.)

Halldór Hermannsson. The Periodical Literature of Iceland down to the year 1874. Islandica XI. Cornell University Library, Ithaca, New York 1918.

UM MYNDIRNAR

Mynd á bls. 7 er úr Minningarriti Bókmenntafélagsins 1916; bls. 10–11 úr mynda-mótasafni Morgunblaðsins; bls. 16 úr Schultz, Danmarks historie; bls. 21 og 24 hefur Bir-gitte Jordahn ljósmyndari tekið; bls. 25 er úr ritinu Danske Slotte og Palæer, Særudgave af „Danske Slotte og Herregårde“ rd. Arthur G. Hassø, Kbh. 1944; bls. 34 er úr riti Jóns Helgasonar biskups, Reykjavík 1786–1936; bls. 35 úr myndamótasafni Morgunblaðsins; bls. 48–50 úr Minningarriti Bókmenntafélagsins 1916; bls. 51 af Valtý Guðmundssyni úr Minningarriti Bókmenntafélagsins, af Þorvaldi Thoroddsen úr Minningabók hans 1922, af Jóni Þorkelssyni úr Skírni 1925 og af Matthíasi Þórðarsyni úr afmælisriti Hins íslenska fornritafélags 1958; aðrar myndir á þeirri bls. eru úr myndamótasafni Morgunblaðsins. Aðrar myndir hefur Kristinn Benediktsson ljósmyndari tekið sérstaklega vegna þessarar ritgerðar, þó að undanskildum myndum á bls. 17 og 37, en þar voru myndamót gerð beint eftir frummyndum.